



# ÁRSSKÝRSLA 2012

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS





# Efnisyfirlit

<b>Stjórn Badminton sambands Íslands .....</b>	<b>3</b>
Starfsmenn .....	3
Starfandi nefndir .....	3
<b>Frá formanni .....</b>	<b>4</b>
<b>Viðburðir starfsársins.....</b>	<b>6</b>
<b>Úrslit móta á starfsárinu .....</b>	<b>18</b>
Deildakeppni BSÍ 2012.....	18
Íslandsmót unglings 2012 .....	18
Meistaramót Íslands 2012:.....	20
<b>Landsliðsmál .....</b>	<b>23</b>
HM liðakeppni 2011 – Sudirman Cup, Kína .....	23
U17 EM 2011 – Caldas da Rainha, Portúgal .....	26
Thomas & Uber Cup 2012 – Amsterdam, Hollandi .....	29
U19 – Uppsala Junior International í Uppsala, Svíþjóð.....	32
<b>Skýrslur aðildarfélaga .....</b>	<b>34</b>
Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar .....	34
Badmintondeild KR .....	36
Badmintondeild Skallagríms .....	38
Badmintondeild Aftureldingar .....	41
Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur .....	43
Badmintonfélag Hafnarfjarðar .....	44
Keflavík ungmenna- og íþróttafélag .....	51
Badmintonfélag Akraness.....	53
Tennis- og badmintonfélag Akureyrar .....	58
<b>Skýrsla fræðslunefndar 2011 – 2012 .....</b>	<b>60</b>
<b>Skýrsla landsliðsnefndar 2011 – 2012.....</b>	<b>62</b>
<b>Skýrsla mótanefndar 2011 – 2012 .....</b>	<b>63</b>
<b>Iceland International 2011 .....</b>	<b>64</b>
<b>Deildakeppni BSÍ 2012 .....</b>	<b>65</b>
<b>Frá FÍBA 2011 – 2012.....</b>	<b>67</b>
<b>Keppendur fyrir Ísland í unglingslandsleikjum 16 ára og yngri – U17 .....</b>	<b>68</b>
<b>U17 Unglingslandsleikir 2007 – 2011.....</b>	<b>68</b>
<b>Keppendur fyrir Ísland 1981 – 1991 í unglingslandsleikjum 18 ára og yngri – U19 .....</b>	<b>69</b>
<b>Keppendur fyrir Ísland 1990 – 2002 í unglingslandsleikjum 18 ára og yngri – U19 .....</b>	<b>70</b>
<b>Keppendur fyrir Ísland 2003 – 2012 í unglingslandsleikjum 18 ára og yngri – U19 .....</b>	<b>71</b>



<b>U19 Unglingalandsleikir 1981 – 2012.....</b>	<b>72</b>
<b>Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum 1973 – 1985 .....</b>	<b>76</b>
<b>Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum 1986 – 2002 .....</b>	<b>77</b>
<b>Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum frá 2003 .....</b>	<b>77</b>
<b>A-Landsleikir 1973 – 2012 .....</b>	<b>78</b>
<b>Íslandsmeistarar í badminton 1949-2012 .....</b>	<b>87</b>
<i>Einliðaleikur karla .....</i>	<i>87</i>
<i>Einliðaleikur kvenna.....</i>	<i>88</i>
<i>Tvíliðaleikur karla .....</i>	<i>89</i>
<i>Tvíliðaleikur kvenna.....</i>	<i>90</i>
<i>Tvenndarleikur.....</i>	<i>91</i>
<b>Ársreikningur 2011 .....</b>	<b>92</b>



# Stjórn Badmintonsambands Íslands

## 2011 – 2012

Kristján Daníelsson, formaður  
Guðlaugur Gunnarsson, varaformaður  
Brynja Kolbrún Pétursdóttir, gjaldkeri  
Vigdís Ásgeirsdóttir, ritari  
Laufey Jóhannsdóttir, meðstjórnandi  
María Skaftadóttir, meðstjórnandi  
Þorsteinn Páll Hængsson, meðstjórnandi

### Starfsmenn

#### 2011 – 2012

Margrét Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri  
Árni Þór Hallgrímsson, landsliðsþjálfari

### Starfandi nefndir

#### 2011 – 2012

*Fræðslunefnd*  
Anna Lilja Sigurðardóttir  
Frímann Ari Ferdinandsson  
Þorsteinn Páll Hængsson

*Endurskoðendur*  
Frímann Ari Ferdinandsson  
Hörður Þorsteinsson  
Helena Óskarsdóttir, varamaður  
Steinar Petersen, varamaður

*Mótanefnd*  
Anna Lilja Sigurðardóttir  
Guðrún Björk Gunnarsdóttir  
María Skaftadóttir  
Ólafur Thoroddsen  
Svanborg Frostadóttir

*Landsliðsnefnd*  
Frímann Ari Ferdinandsson  
Guðlaugur Gunnarsson  
Ingvar Stefánsson  
Írena Jónsdóttir  
Pétur Hemmingsen

*Dómaranefnd*  
María Thors

*Fjárhagsnefnd*  
Brynja Kolbrún Pétursdóttir  
Laufey Jóhannsdóttir



## Frá formanni

*Kristján Danielsson  
Formaður Badmintonsambands Íslands*



Keppnistímabilið 2011 – 2012 er nú á enda og við höfum upplifað mörg afrek á árinu og horft á badmintonfólkíð okkar dafna og vaxa sem badmintonspilarar.

Þegar litið er yfir farinn veg ber hæst Iceland International mótið sem við héldum með pompi og prakt í nóvember síðastliðnum. Erlendir þátttakendur voru 23 frá níu þjóðlöndum. Fyrir mótið höfðum við búist við fleiri erlendum keppendum sérstaklega í ljósi þess að nú er sterkasta badmintonfólk heimsins að keppast að því að komast á Ólympíuleikana í sumar. Ein ástæða þess hversu fáa erlenda þátttakendur við fengum á mótið gæti verið að flug til og frá landinu er dýrt en keppendur standa flestir sjálfir straum af kostnaði. Þá gæti einnig haft að segja að danska deildin var spiluð vikuna sem mótið fór fram en við fáum alltaf flesta keppendur frá Danmörku. Það er erfitt að segja til um þetta en enn erfiðara að fá dagsetningunni á mótinu breytt hjá Badminton Europe þar sem mótið er hluti af mótaröð þeirra. Iceland International er stærsta landsliðsverkefnið okkar en þá fá okkar sterkstu spilarar að etja kappi við erlenda mótherja og sú reynsla er mikilvæg.

Deildakeppnin og Íslandsmótin tvö, Íslandsmót unglings og Meistaramót Íslands eru einnig hápunktar vetrarins. Íslandsmót unglings var haldið í samstarfi við Badmintondeild Aftureldingar og gekk samstarfið prýðilega og mótið var í alla staði glæsilegt. Ragna Ingólfssdóttir vann það afrek að vinna Íslandsmeistaratitilinn í níundasta skipti og sló þar með met Elsu Nielsen en hún hefur átta sinnum orðið Íslandsmeistarari í einliðaleik.

Í sumar standa þrjár æfingabúðir fyrir dyrum fyrir afrekskrakka í badminton. Samstarfsverkefni við Færeysjum og Grænland sem hefur staðið í þrjú ár heldur áfram og þetta árið verða æfingabúðirnar í Færeymum. Nordic Camp æfingabúðirnar verða í Danmörku og Evrópusumarskólinn verður haldinn í Sloveníu.

Í janúar hélt Badmintonsambandið þjálfaranámkeið og fékk hinn virta þjálfara Morten Bjergen til að annast það. Hann er höfundur Minton æfingakerfisins og heldur úti vefsíðunni „bestoncourt.com“ sem hefur að geyma alls kyns badmintonæfingar. Þátttaka var vægast sagt mjög góð og í kjölfar námskeiðsins hefur stjórn BSÍ ákveðið að greiða fyrir ársleyfi að „Best On Court“ fyrir þau félög sem sendu þjálfara á námskeiðið. Félögin geta þá fylgt námskeiðinu vel eftir í fjölbreyttum æfingum fyrir iðkendur sína.



Árið 2011 var farið í fimm landsliðsferðir, tvær A-landsliðsferðir, tvær U17 landsliðsferðir og eina U19 landsliðsferð. A-landsliðið keppti í Evrópukeppni landsliða og í Heimsmeistarakeppninni 2011 í Kína, Sudirman Cup. Meðlimir landsliðsins söfnuðu sjálf fyrir þeirri ferð og stóðu sig vel í þeirri fjárlögun enda er ferðin mjög kostnaðarsöm. U17 landsliðið fór í U17 Evrópukeppni landsliða og einstaklinga og á Viktor Jot mótið í Belgíu. U19 landsliðið tók þátt í U19 Evrópukeppni landsliða og einstaklinga.

Asics styrkti ungleingamótaröð sambandins og var ungleingamótaröðin nefnd Asics mótaröðin. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir sem og öllum okkar styrktaraðilum en stuðningur fyrirtækja er sambandinu alveg nauðsynlegur sem og fjárvstuðningur ríksins og Íþrótt- og Ólympíusambandsins og Lottósins.

Ólympíuleikarnir standa fyrir dyrum en þeir verða í London í lok júlí. Við hlökkum til að fylgjast með Rögnu Ingólfssdóttur etja kappi á þeim. Þrátt fyrir að heimslistinn sem segir til um hverjur komast á leikana, verði ekki gefinn út fyrr en á þriðjudaginn, er Ragna búin að vera stöðug inni á leikunum í allan vetur og við reiknum að sjálfsögðu með því að hún verði verðugur fulltrúi okkar í London í sumar.

Hafin er vinna við að uppfæra afreksstefnu Badmintonsambandsins en hún er í gildi fram yfir Ólympíuleikana. Það er því mikil stefnumótun og vinna framundan við að móta næstu ár.

Með framtíðina í huga vona ég að við getum öll unnið saman að framgangi íþróttarinnar okkar með það fyrir augum að efla hana og útbreiða. Vinnum saman að því að gera gott starf betra.

Ég þakka badmintonfólki fyrir veturinn og hlakka til að vinna með því áfram. Ég þakka fjölskyldum keppnisfólks okkar sem fylgist með öllum móturnum vetrarins og hvetur sitt fólk. Þá þakka ég starfsfólki og stjórnarmönnum sambandsins fyrir samstarfið á árinu og býð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

*Kristján Danielsson  
Formaður Badmintonsambands Íslands*



## Viðburðir starfsársins

Stjórn BSÍ skipa Kristján Daníelsson formaður, Guðlaugur Gunnarsson varaformaður, Brynja Kolbrún Pétursdóttir gjaldkeri, Vigdís Ásgeirsdóttir ritari, Laufey Jóhannsdóttir, Þorsteinn Páll Hængsson og María Skaftadóttir, meðstjórnendur.

### Maí:

Landsliðið fór til Kína í maí og tók þátt í Heimsmeistaramóti landsliða, Sudirman Cup 2011. Meðlimir landsliðsins söfnuðu fyrir ferðinni með fisksölu og fyrirtækjakeppni. Landsliðið skipuðu Atli og Helgi Jóhannessynir, Magnús Ingi Helgason, Ragna Ingólfssdóttir, Snjólaug Jóhannsdóttir og Tinna Helgadóttir. Þau eru öll í TBR. Keppnin fór fram í Quingdao dagana 22. - 29. maí. Ísland var í riðli með Sri Lanka, Filippseyjum, Ísrael og Seycil eyjum. Úrslit leikjanna urðu eftirfarandi: Ísland-Seycil eyjar 5 – 0, Ísland-Sri Lanka 2 – 3, Ísland-Filippseyjar 2 – 3 og Ísland-Ísrael 4 – 1. Ísland lenti í þriðja sæti riðilsins en við vorum í fjórða og neðsta riðli.

Endurnýjaður var samstarfssamningur við Vörð um áframhaldandi aðalstyrktaraðild við Badmintonsambandið. Samningurinn gildir fram yfir Olympíuleikana í London 2012.

Ragna Ingólfssdóttir keppti á Alþjóðlega danska mótinu og komst í 16 manna úrslit.

Vormót trimmara var haldið í maí í TBR húsunum.

### Júní:

Ragna Ingólfssdóttir tók þátt í alþjóðlega litháenska mótinu og lenti í öðru sæti sem gaf henni 2.130 stig á heimslistanum.

TBR tók þátt í Evrópukeppni félagsliða. Lið TBR skipuðu Bjarki Stefánsson, Einar Óskarsson, Haukur Stefánsson, Jónas Baldursson, Halldóra Jóhannsdóttir, Karitas Ósk Ólafsdóttir, Margrét Jóhannsdóttir og Þorbjörg Kristinsdóttir. TBR keppti þrjá leiki á mótinu og lauk þeim með eftirfarandi hætti: TBR-Bordeaux 1 – 6, TBR-Chel 1 – 6 og TBR-Mount Pleasant 2 – 5.

María Thors dæmdi í Evrópukeppni félagsliða í Zwolle í Hollandi.

### Júlí:

Ragna Ingólfssdóttir tók þátt í Russian White Nights mótinu í Rússlandi og komst í átta manna úrslit sem gaf henni 2.200 stig á heimslistanum.



Evrópusumarskólinn fór fram í Madrid á Spáni þetta árið. Þátttakendur fyrir Íslands hönd voru Brynjar Geir Sigurðsson BH, Eiður Ísak Broddason TBR, Sigurður Sverrir Gunnarsson TBR, Margrét Finnþogadóttir TBR, Margrét Jóhannsdóttir TBR og Sara Högnadóttir TBR. Námskeiðið var mjög gagnlegt og lærdómsríkt. Ólafur Örn Guðmundsson BH var á þjálfaranámskeiði sem haldið var samhliða Sumarskólanum. Þátttakendur voru 50 talsins frá 26 löndum auk 25 þátttakenda á þjálfaranámskeiðinu.

### **Ágúst:**

Árlegar æfingabúðir, Nordic Camp, voru haldnar í Karlskrona í Svíþjóð 1. - 5. ágúst. Þær eru samstarfsverkefni Badmintonsambanda á Norðurlöndum. Íslensku þátttakendurnir voru Alexander Huang TBR, Kristófer Darri Finnsson TBR, Pálmi Guðfinnsson TBR, Alda Karen Jónsdóttir TBR, Arna Karen Jóhannsdóttir Aftureldingu og Lína Dóra Hannesdóttir TBR. Karen Ýr Sæmundsdóttir UMF Þór fór á þjálfaranámskeið sem var haldið samhliða búðunum.

Reynir Guðmundsson KR tók þátt í heimsmeistaramóti öldunga í flokki 50+ í Vancouver í Kanada. Þar tapaði hann í annarri umferð fyrir Norðmanni sem hafnaði í þriðja sæti mótsins.

Norrænar æfingabúðir voru haldnar á Grænlandi. Þær stóðu yfir dagana 9. – 16. ágúst. Þátttakendur voru frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi en búðirnar voru fyrir aldurshóp U13 til U17. Átta aðilar tóku þátt frá hverju landi. Árni Þór Hallgrímsson landsliðsþjálfari valdi íslenska hópinn. Í honum voru: Andrea Nilsdóttir TBR, Andri Snær Axelsson ÍA, Harpa Hilmisdóttir UMF Skallagrími, Guðmundur Águst Thoroddsen Aftureldingu, Róbert Ingi Huldarsson BH, Alexandra Ýr Stefánsdóttir ÍA, Unnur Björk Elíasdóttir TBR og Halldór Axel Axelsson ÍA. Um leið og æfingabúðirnar stóðu yfir var þjálfaranámskeið á vegum Badminton Europe í gangi. Á það komu þjálfarar frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Þátttakandi frá Íslandi á þjálfaranámskeiðinu var Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR.

Styrktarsamningur við Fosshotel var endurnýjaður.

### **September:**

Mótaröð Badmintonsambandsins fékk heitið Varðarmótaröðin og er nefnd eftir aðalstyrktaraðila sambandsins, Verði.

Fyrsta móti Varðarmótaraðarinnar var í byrjun september, Einliðaleiksmót TBR. Sigurvegarar mótsins voru Atli Jóhannesson TBR og Snjólaug Jóhannsdóttir TBR.

Annað einliðaleiksmót var haldið í september, Septembermót TBR. Sigurvegarar í mótinu voru Atli Jóhannesson TBR og Snjólaug Jóhannsdóttir TBR.



Ragna Ingólfssdóttir hóf keppnistímabil vetrarins á alþjóðlega mótinu í Guatema la og komst í 32 manna úrslit. Þá kepti Ragna einnig á Alþjóðlega tékkneska mótinu um mánaðarmótin september - október. Rögnu gekk mjög vel á mótinu og komst í átta manna úrslit. Sá góði árangur gaf Rögnu 2.200 stig á heimslistanum.

Reykjavíkurmót unglings var haldið í TBR húsunum. Þrír aðilar unnu það afrek að verða þrefaldir Reykjavíkurmeistarar, í einliða-, tvíliða- og tvenndarleik, þau Alda Karen Jónsdóttir TBR í flokki U15, Daníel Jóhannesson TBR í flokki U17 og Thomas Þór Thomsen TBR í flokki U19. Þrír einstaklingar urðu tvöfaldir Reykjavíkurmeistarar. Þau eru Jóhannes Orri Ólafsson KR í flokki U13 í einliða- og tvíliðaleik, Davíð Bjarni Björnsson TBR í flokki U15 í tvíliða- og tvenndarleik og Sigríður Árnadóttir TBR í flokki U17 í tvíliða- og tvenndarleik. Aðrir Reykjavíkurmeistarar eru: Í einliðaleik: Andrea Nilsdóttir TBR í flokki U13, Pálmi Guðfinnsson TBR í flokki U15, Margrét Finnbogadóttir TBR í flokki U17 og Sara Högnadóttir TBR í flokki U19. Í tvíliðaleik: Atli Már Eyjólfsson KR í flokki U13, Kristófer Darri Finnsson TBR í flokki U15, Margrét Nilsdóttir TBR í flokki U15, Eiður Ísak Broddason TBR í flokki U17, Jóna Kristín Hjartardóttir TBR í flokki U17, Gunnar Bjarki Björnsson TBR í flokki U19, María Árnadóttir TBR í flokki U19 og Margrét Jóhannsdóttir TBR í flokki U19. Í tvenndarleik: Andri Broddason TBR í flokki U13 og Erna Katrín Pétursdóttir TBR í flokki U13 og Hulda Lilja Hannesdóttir TBR í flokki U19.

### Október:

Atlamót íA var haldið í október eins og undanfarin ár. Í meistaraflokkí hélt sigurganga Atla Jóhannessonar TBR og Snjólaugar Jóhannsdóttur TBR áfram í einliðaleik. Í tvíliðaleik karla sigruðu Atli og Helgi Jóhannessynir TBR. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Jóhanna Jóhannsdóttir og Þorbjörg Kristinsdóttir TBR. Í tvenndarleik sigruðu Helgi Jóhannesson og Elín Þóra Elíasdóttir TBR. Í A-flokki sigraði Ólafur Örn Guðmundsson BH í einliðaleik karla. Í einliðaleik kvenna sigraði Lína Dóra Hannesdóttir TBR. Í tvíliðaleik karla unnu Ólafur Örn BH og Steinn Þorkelsson íA. Alexandra Ýr Stefánsdóttir íA og Sigríður Árnadóttir TBR stóðu uppi sem sigurvegarar í tvíliðaleik kvenna. Í tvenndarleik sigruðu Daníel Jóhannesson og Sigríður Árnadóttir TBR. Í einliðaleik í B-flokki sigruðu Helgi Grétar Gunnarsson íA og Unnur Björk Elíasdóttir TBR. Tvíliðaleik karla unnu Aftureldingamennirnir Egill Þór Magnússon og Guðmundur Águst Thoroddsen. Í tvíliðaleik kvenna voru einungis tvö pör og því aðeins einn leikur sem lauk með sigri Margrétar Dísar Stefánsdóttur og Svanfríðar Oddgeirsdóttur Aftureldingu.

Ragna Ingólfssdóttir tók þátt í Opna hollenska mótinu og datt út í fyrstu umferð.

Einliðaleikshluti Óskarsmóts KR var haldinn í október. Sigurvegarar í meistaraflokkí voru Atli Jóhannesson TBR og Snjólaug Jóhannsdóttir TBR. Í A-flokki sigruðu Reynir Guðmundsson KR og Margrét Finnbogadóttir TBR. Í B-flokki unnu Helgi Grétar Gunnarsson íA og Lína Dóra Hannesdóttir TBR.



Á Vetrarmóti TBR var keppt í öllum greinum í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var hluti af ungingamótaröð Badminton sambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista. Í flokki U13 unnu í einliðaleik Andri Snær Axelsson íA og Andrea Nilsdóttir TBR. Í tvíliðaleik hnokka unnu Andri Snær og Davíð Örn Harðarson íA. Í tvíliðaleik tátá unnu Andrea og Erna Katrín Pétursdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Andri Snær og Harpa Kristný Sturlaugsdóttir íA. Andri Snær vann því þrefalt á þessu móti. Í flokki U15 unnu í einliðaleik Pálmi Guðfinnsson TBR og Alda Jónsdóttir TBR. Í tvíliðaleik sveina unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Í tvíliðaleik meyja unnu Alda og Margrét Nilsdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Davíð Bjarni og Alda TBR. Alda vann því þrefalt á þessu móti. Í flokki U17 unnu í einliðaleik Eiður Ísak Broddason TBR og Margrét Finnbogadóttir. Í tvíliðaleik drengja unnu Eiður Ísak og Daniel Jóhannesson TBR. Í tvíliðaleik telpna unnu Alexandra Ýr Stefánsdóttir íA og Sigríður Árnadóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Daniel og Sigríður TBR. Í flokki U19 unnu í einliðaleik Þorkell Ingi Eriksson TBR og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í tvíliðaleik pilta unnu Sigurður Sverrir Gunnarsson og Þorkell Ingi TBR. Í tvíliðaleik stúlkna unnu Margrét og Sara Högnadóttir. Í tvenndarleik unnu Thomas Þór Thomsen og Margrét. Margrét Jóhannsdóttir vann því þrefalt á þessu móti.

TBR Opið var haldið í október. Kept var í öllum greinum í meistaraflokk, A- flokki og B-flokk. Gestaspilari frá Danmörku kom, sá og sigraði á mótinu. Hann heitir Rasmus Mangor og er unnusti Tinnu Helgadóttur sem spilar í dönsku deildinni með Værlose en Tinna kom einnig til landsins og tók þátt í mótinu. Rasmus vann í meistaraflokk einliðaleik karla, tvíliðaleik karla með Róberti Þór Henn og tvenndarleik með Tinnu. Í einliðaleik kvenna sigraði Rakel Jóhannesdóttir TBR. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Erla Björg Hafsteinsdóttir BH og Tinna Helgadóttir. Í A-flokki sigruðu í einliðaleik Reynir Guðmundsson KR og Margrét Finnbogadóttir TBR. Tvíliðaleik karla sigruðu Pétur Hemmingsen og Viktor Jónasson TBR. Í tvíliðaleik kvenna unnu Sigríður Árnadóttir og Jóna Kristín Hjartardóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Daniel og Sigríður TBR. Pálmi Guðfinnsson TBR sigraði í einliðaleik karla í B-flokk. Harpa Hilmisdóttir UMF Skallagrími stóð uppi sem sigurvegari í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Arndís Sævarsdóttir og Svanfríður Oddgeirsdóttir Aftureldingu unnu tvíliðaleik kvenna. Tvenndarleikinn unnu Kristófer Darri og Margrét TBR.

Kristján Danielson formaður BSÍ fór á samráðsfund Norðurlandanna og fund Evrópusambandsins í Danmörku.

María Thors dæmdi á Opna franska mótinu.

#### Nóvember:

Ragna Ingólfssdóttir tók þátt í Bitburger mótinu í Þýskalandi og komst í 16 manna úrslit á þessu sterka móti sem skilaði henni 2.720 stig á heimslistanum. Hún tók einnig þátt í Alþjóðlega norska mótinu og komst í 16 manna úrslit. Þá tók Ragna þátt í Alþjóðlega



skoska mótinu og komst í 16 manna úrslit. Ragna fékk úthlutuðum styrk úr Afrekskvennasjóði ÍSÍ og Íslandsbanka.

Unglingamót TBA fór fram í nóvember þetta árið en ekki í október eins og vanalega. Kept var í öllum greinum í aldursflokkum U13 til U17. Mótið var hluti af unglingsmótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista. Í flokki U13 vann Jóhannes Orri Ólafsson KR í einliðaleik hnokka. Andrea Nilsdóttir TBR vann í einliðaleik tátta. Í tvíliðaleik hnokka unnu Elmar Blær Arnarsson og Jökull Karlsson Samherjum. Í tvíliðaleik tátta unnu Andrea og Erna Katrín Pétursdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Elmar Blær og Valdís Sigurðardóttir Samherjum. Í flokki U15 unnu í einliðaleik Pálmi Guðfinnsson TBR og Alda Jónsdóttir TBR. Í tvíliðaleik sveina unnu Alexander Huang og Pálmi TBR. Í tvíliðaleik meyja unnu Alda og Margrét Nilsdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Alexander og Alda TBR. Alda vann því þrefalt á þessu móti. Í flokki U17 unnu í einliðaleik Stefán Þór Bogason TBR og Unnur Dagbjört Ólafsdóttir TBR. Í tvíliðaleik drengja unnu Stefán Þór TBR og Garðar Hrafn Benediktsson BH. Í tvíliðaleik telpna unnu Elísa Líf og Unnur Dagbjört TBR. Í tvenndarleik var keppt í riðlum. Sigurvegarar voru Stefán Þór og Unnur Dagbjört TBR. Stefán Þór og Unnur Dagbjört unnu því þrefalt á þessu móti.

Í nóvember var Iceland International haldið í TBR húsunum. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni og gefur stig á heimslista Alþjóða Badmintonsambandsins og var hækkað í styrkleika frá árinu áður. Alls tóku 71 keppandi frá tíu þjóðum þátt í mótinu, 23 erlendir og 48 íslenskir. Umgiðr mótsins var öll hin glæsilegasta. Mótinu lauk með fimmtra sigri Rögnu Ingólfssdóttur í einliðaleik. Hún sigraði Akvile Stapusaityte frá Litháen eftir spennandi oddalotu 21-18, 17-21 og 21-17. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Tinna Helgadóttir og Snjólaug Jóhannsdóttir. Aðrir sigurvegarar voru Mathias Borg frá Svíþjóð í einliðaleik karla, Thomas Dew-Hattens og Louise Hansen frá Danmörku sigruðu tvenndarleikinn og tvíliðaleik karla unnu Thomas Dew-Hattens og Kathias Kany frá Danmörku. Helgi Jóhannesson og Magnús Ingi Helgason höfnuðu í öðru sæti í tvíliðaleik karla. Thomas Dew-Hattens vann tvöfalt á mótinu.

Skrifað var undir styrktarsamning við Asics sem mun styrkja unglingsmótaröðina og mun hún nefnast Asicsmótaröðin. Styrktarsamningur var endurnýjaður við Toyota.

U17 landsliðið tók þátt í Evrópukeppni U17 landsliða og einstaklinga í Caldas De Rainha í Portúgal. Liðið skipuðu Daníel Jóhannesson, Eiður Ísak Broddason, Sigurður Sverrir Gunnarsson, Stefán Ás Ingvarsson, Margrét Finnborgadóttir, Margrét Jóhannsdóttir, Sara Högnadóttir og Sigríður Árnadóttir. Þau eru öll í TBR. Liðið spilaði þrjá landsleiki. Úrslit leikjanna urðu: Ísland-Þýskaland 0 – 5, Ísland-Frakkland 0 – 5 og Ísland-Litháen 2 – 3.

Unglingamót BH var haldið í nóvember. Mótið er liðakeppni fyrir aldurshópinn U13 - U17.



Unglingamót Aftureldingar var haldið í nóvember en keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var hluti af Asicsmótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglings. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Í flokki U13 sigruðu í einliðaleik Andri Snær Axelsson ÍA og Andrea Nilsdóttir TBR. Í tvíliðaleik hnokka unnu Andri Snær og Davíð Örn Harðarson ÍA. Í tvíliðaleik tátta unnu Harpa Kristný Sturlaugsdóttir og Úlfheiður Embla Ásgeirs dóttir ÍA. Í tvenndarleik unnu Andri Snær og Harpa Kristný ÍA. Í flokki U15 unnu Kristófer Darri Finnsson TBR og Alda Jónsdóttir TBR í einliðaleik. Í tvíliðaleik sveina unnu Davíð Phoung og Vignir Haraldsson TBR. Í tvíliðaleik meyja unnu Alda og Margrét Nilsdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Davíð Bjarni Björnsson og Alda TBR. Alda vann þrefalt á þessu móti. Í flokki U17 unnu í einliðaleik Guðmundur Ágúst Thoroddsen Aftureldingu og Unnur Björk Elíasdóttir TBR. Í tvíliðaleik drengja unnu Davíð Hafsteinsson og Guðmundur Ágúst Aftureldingu. Í tvíliðaleik telpna unnu Alexandra Ýr Stefánsdóttir ÍA og Unnur Björk TBR. Í tvenndarleik unnu Helgi Grétar Gunnarsson ÍA og Unnur Björk TBR. Unnur Björk vann því þrefalt á þessu móti. Í flokki U19 vann Thomas Þór Thomsen TBR í einliðaleik pilta. Í einliða- og tvíliðaleik stúlkna var ekki spilað. Í tvíliðaleik pilta unnu Snorri Tómasson TBR og Þorkell Ingi Eriksson TBR. Ekki var spilað í tvenndarleik í flokki U19.

Laufey Sigurðardóttir dæmdi á Alþjóðlega norska mótinu.

#### **Desember:**

Ragna Ingólfssdóttir spilaði á Alþjóðlega velska mótinu og lenti í öðru sæti en Ragna þurfti að gefa úrslitaleikinn vegna álagstognunar í læri. Annað sætið gaf henni 2.130 stig á heimslistinum.

Dregið var í happdrætti Badmintonsambandsins. Salan gekk mjög vel og fengu söluhæstu börnin í hverju félagi badmintonspaða sem viðurkenningu fyrir góða sölu. BSÍ þakkar öllu sölufólk sem og þeim sem keyptu miða fyrir stuðninginn.

Jólamót unglings fór fram en mótið er einliðaleiksmót og er hluti af Asicsmótaröðinni. Sigurvegarar voru eftirtaldir: U13: Jóhannes Orri Ólafsson KR og Úlfheiður Embla Ásgeirs dóttir ÍA. U15: Kristófer Darri Finnsson TBR og Harpa Hilmisdóttir UMF Skallagrími. U17: Sigurður Sverrir Gunnarsson TBR og Margrét Finnbogadóttir TBR. U19: Thomas Þór Thomsen TBR og Sara Högnadóttir TBR.

Í desember voru haldnar landsliðsæfingar fyrir U15 og U13.

Ragna Ingólfssdóttir og Magnús Ingi Helgason voru valin badmintonkona og -maður ársins 2011 og tilnefnd í vali á íþróttamanni ársins. Ragna var jafnframt ein af tíu íþróttamönnum sem var tilnefnd til vals á íþróttamanni Reykjavíkur.

Laufey Sigurðardóttir dæmdi á Alþjóðlega ítalska mótinu.

**Janúar:**

Á sjötta móti Varðarmótaraðar BSÍ, Meistaramóti TBR 2012, var keppt í öllum greinum í meistara-, A- og B-flokki. Í meistaraflokkni stóð Íslandsmeistarinn og badmintonmaður ársins 2011, Magnús Ingi Helgason TBR, uppi sem sigurvegari í einliðaleik karla. Magnús Ingi vann líka tvíliðaleikinn ásamt Helga Jóhannessyni TBR. Tvenndarleikinn unnu Helgi og Elín Þóra Elíasdóttir TBR. Einliðaleik kvenna sigraði Snjólaug Jóhannsdóttir TBR. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Elsa Nielsen og Snjólaug TBR. Í A-flokki sigruðu í einliðaleik Ólafur Örn Guðmundsson BH og Margrét Finnbogadóttir TBR. Tvíliðaleik karla sigruðu Sigurjón Jóhannsson og Árni Haraldsson TBR. Í tvíliðaleik kvenna unnu Sigríður Árnadóttir og Jóna Kristín Hjartardóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Daníel Jóhannesson og Sigríður TBR. Andri Páll Alfreðsson TBR sigraði í einliðaleik karla í B-flokki og Alda Jónsdóttir TBR í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu gömlu kempurnar Harri Ormarsson og Sigfús Sverrisson TBR. Alda og Margrét Nilsdóttir TBR unnu tvíliðaleik kvenna. Tvenndarleikinn unnu Harri og Guðríður Gísladóttir TBR.

Í janúar fór fram þjálfaranámskeið undir leiðsögn Danans Morten Bjergen. Námskeiðið var sérstaklega vel sótt en 27 þjálfarar frá níu félögum tóku þátt. Með því var slegið met í þátttöku á badmintonþjálfaranámskeiði hérlandis. Morten kynnti þjálfurunum meðal annars spennandi þjálfunarkerfi fyrir 6 – 9 ára byrjendur í badminton sem kallast Miniton og fór í gegnum mikilvægustu atriðin sem þjálfa þarf hjá hverjum aldurshópi unglings. Þá kynnti hann þjálfurum einnig spennandi vef sem heitir bestoncourt.com og hefur að geyma fjöldann allan af videomyndum af badmintonæfingum. Leikmenn í landsliðshópum Badmintonsambandsins voru þjálfurum til aðstoðar á námskeiðinu og prófuðu allar æfingar sem kynntar voru. Leikmennirnir lögðu sig alla fram og stóðu sig frábærlega. Bæði leikmenn og þjálfarar voru mjög ánægðir með helgina og fóru heim með fullt af nýjum hugmyndum.

Ragna Ingólfssdóttir tók þátt í Alþjóðlega sánska mótinu en hún komst í 16 manna úrslit á mótinu.

Unglingameistaramót TBR var haldið en mótið var hluti af Reykjavík International Games 2012. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var annan Asicsmótaðar Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglings. Keppendur frá Færejum tóku þátt í mótinu og voru sigursælar, sérstaklega í yngri aldursflokkum en sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: í U13 unnu í einliðaleik Bartal Poulsen frá Færejum og Gunnva K. Jakobsen frá Færejum. Í tvíliðaleik hnokka unnu Færeyingarnir Bartal Poulsen og Brandur Jacobsen. Í tvíliðaleik tátá unnu einnig Færeyingar, Gunnva og Marjun Á Lakjuni. Í tvenndarleik unnu Bartal og Gunnva frá Færejum. Þau Bartal og Gunnva unnu því þrefalt á mótinu. Í flokki U15 unnu í einliðaleik Pálmi Guðfinnsson TBR og Alda Jónsdóttir TBR. Í tvíliðaleik sveina unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Í tvíliðaleik meyja unnu Alda og Margrét Nilsdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Kristófer Darri og Margrét TBR. Í flokki U17 unnu í einliðaleik Daníel Jóhannesson TBR og Margrét Finnbogadóttir TBR. Í tvíliðaleik



drengja unnu Daníel og Eiður Ísak Broddason TBR. Í tvíliðaleik telpna unnu Sigríður Árnadóttir og Jóna Kristín Hjartardóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Sigurður Sverrir Gunnarsson og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í flokki U19 unnu í einliðaleik Ólafur Örn Guðmundsson BH og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í tvíliðaleik pilta unnu Snorri Tómasson og Stefán Ás Ingvarsson TBR. Í tvíliðaleik stúlkna sigruðu Margrét og Sara Högnadóttir. Í tvenndarleik í flokki U19 sigruðu Ólafur Örn BH og Sara TBR.

### Febrúar:

Deildakeppnin fór að venju fram fyrstu helgina í febrúar. Keppt var í þremur deildum; Meistara-, A- og B-deild. Alls tóku þátt 25 lið frá fimm félögum, Aftureldingu, BH, Einherja, ÍA, TBR og UMFS. Spilaðar voru 59 viðureignir milli liða og 427 leikir. Þátttakendur voru 258 talsins. Íslandsmeistari liða í Meistaradeild er TBR A-landsliðið en TBR-Öllrar urðu í öðru sæti. Í A-deildinni sigraði BH K-liðið og í öðru sæti urðu TBR Öllrar. Liðið BH Keppnis varð Íslandsmeistari í B-deildinni og í öðru sæti urðu TBR Þrumuguðirnir. Sex lið tóku þátt í Meistaradeildinni, tíu í A-deildinni og níu í B-deildinni.

Sjöunda móti Varðarmótaraðar BSÍ, Óskarsmót KR 2012 tvíliða- og tvenndarleikshlut, var haldið í febrúar. Keppt var í meistara-, A- og B-flokki. Í meistaraflokki stóðu bræðurnir Atli og Helgi Jóhannessynir TBR uppi sem sigurvegarar í tvíliðaleik. Í tvíliðaleik kvenna unnu Karitas Ósk Ólafsdóttir og Snjólaug Jóhannsdóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Atli og Snjólaug TBR. Í A-flokki sigruðu Snorri Tómasson og Stefán Ás Ingvarsson TBR í tvíliðaleik karla. Í tvíliðaleik kvenna unnu Sigríður Árnadóttir og Jóna Kristín Hjartardóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Daníel Jóhannesson og Sigríður TBR. Í B-flokki, tvíliðaleik karla, unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Lína Dóra Hannesdóttir og Margrét Nilsdóttir TBR unnu tvíliðaleik kvenna. Tvenndarleikinn unnu Kristófer Darri og Margrét TBR.

Evrópukeppni karla- og kvennalandslíða, Thomas og Uber Cup, var haldin í Hollandi í febrúar og sendu Íslendingar lið í báðar keppnir. Keppnin var spilað í átta riðlum með einni raðaðri þjóð í hverjum riðli. Kvennalandslíðið var í riðli með Frakklandi, Wales og Belgíu og var Frökkum raðað. Karlalandslíðið var í riðli með Úkraínu, Finnlandi og Lúxemborg og var Úkraínu raðað. Þrjár efstu kvenþjóðirnar og fjórar efstu karlþjóðirnar komast í lokakeppni Thomas og Uber Cup í maí 2012. Kvennalandslíðið skipuðu Karitas Ósk Ólafsdóttir TBR, Ragna Ingólfssdóttir TBR, Rakel Jóhannesdóttir TBR, Snjólaug Jóhannsdóttir TBR og Tinna Helgadóttir TBR. Karlalandslíðið skipuðu Atli Jóhannesson TBR, Egill G. Guðlaugsson ÍA, Helgi Jóhannesson TBR, Kári Gunnarsson TBR og Magnús Ingi Helgason TBR. Úrslit landsleikjanna í Uber Cup voru eftirfarandi: Ísland-Belgía 2 – 3, Ísland-Frakkland 1 – 4, Ísland-Wales 2 – 3. Úrslit landsleikjanna í Thomas Cup voru eftirfarandi: Ísland-Úkraína 1 – 4, Ísland-Finnland 1 – 4 og Ísland-Lúxemborg 3 – 2. Karlalandslíðið endaði í þriðja sæti áttunda og neðsta riðils en kvennalandslíðið í fjórða og neðsta sæti sjöunda riðils.



Landsbankamót ÍA var haldið en mótið var hluti af Asicsmótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglings. Kept var í öllum greinum í aldursflokkum U13 til U19. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Í flokki U13 sigruðu í einliðaleik Jóhannes Orri Ólafsson KR og Andrea Nilsdóttir TBR. Í tvíliðaleik hnokka unnu Andri Snær Axelsson og Davíð Örn Harðarson ÍA. Í tvíliðaleik tátta unnu Andrea og Erna Katrín Pétursdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Davíð Örn ÍA og Andrea TBR. Andrea Nilsdóttir TBR vann þrefalt á mótinu. Í flokki U15 unnu í einliðaleik Davíð Bjarni Björnsson TBR og Alda Jónsdóttir TBR. Í tvíliðaleik sveina unnu Davíð Bjarni og Kristófer Darri Finnsson. Í tvíliðaleik meyja unnu Alda og Margrét Nilsdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Davíð Bjarni og Alda TBR. Davíð Bjarni og Alda unnu þrefalt á mótinu. Í flokki U17 unnu í einliðaleik Helgi Grétar Gunnarsson ÍA og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í tvíliðaleik drengja unnu Daníel Þór Heimisson og Halldór Axel Axelsson ÍA. Í tvíliðaleik telpna unnu Margrét og Sara Högnadóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Sigrður Sverrir Gunnarsson og Margrét TBR. Margrét Jóhannsdóttir vann þrefalt á mótinu. Í flokki U19 unnu Stefán Ás Ingvarsson TBR og María Árnadóttir TBR í einliðaleik. Í tvíliðaleik pilta unnu Snorri Tómasson og Stefán Ás Ingvarsson TBR. Í tvíliðaleik stúlkna sigruðu Jóna Hjartardóttir og Sigríður Árnadóttir TBR. Í tvenndarleik sigruðu Snorri Tómasson og María TBR.

Ragna Ingólfssdóttir tók þátt í Alþjóðlega austurríksa mótinu og komst í átta manna úrslit. Þá tók hún einnig þátt í Opna þýska mótinu.

Kept var í Reykjavíkurmóti fullorðinna í öllum greinum í meistara-, A- og B-flokk. Helgi Jóhannesson TBR varð þrefaldur Reykjavíkurmeistari. Hann vann einliðaleikinn og tvíliðaleikinn ásamt Atla bróður sínum sem einnig er í TBR. Tvenndarleikinn vann hann ásamt Elínu Þóru Elíasdóttur TBR. Einliðaleik kvenna sigraði Rakel Jóhannesdóttir TBR. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Rakel og Elín Þóra TBR. Rakel og Elín Þóra urðu því tvöfaldir Reykjavíkurmeistarar. Í A-flokkí sigruðu Stefán Ás Ingvarsson TBR og Margrét Finnbogadóttir TBR í einliðaleik. Tvíliðaleik karla sigruðu Daníel Jóhannesson og Eiður Ísak Broddason TBR. Í tvíliðaleik kvenna unnu Sigríður Árnadóttir og Jóna Kristín Hjartardóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Þorkell Ingi Eriksson og Hulda Lilja Hannesdóttir TBR. Brynjar Geir Sigurðsson BH sigraði í einliðaleik karla í B-flokk. Arna Karen Jóhannsdóttir Aftureldingu sigraði í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Egill Þór Magnússon og Guðmundur Águst Thoroddsen Aftureldingu. Ekki var keppt í tvíliðaleik kvenna í B-flokk. Tvenndarleikinn unnu Böðvar Kristófersson og Helena Guðrún Óskarsdóttir BH.

Kristján Daníelsson formaður Badmintonsambandsins sat fund Badmintonsambands Evrópu í Amsterdam í Hollandi.

#### Mars:

Íslandsmót unglings fór fram í Mosfellsbæ fyrstu helgina í mars. Badmintondeild Aftureldingar hélt mótið þetta árið í samstarfi við Badmintonsambandið. Keppendur voru 219 talsins frá 13 félögum, Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, Keflavík, KR, Samherja, TBA,



TBR, TBS, UDN Búðardal, UMF Skallagrími og UMF Þór. Spilaðir voru 418 leikir þessa helgi. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og góð stemning var í Mosfellsbænum alla helgina. Tveir leikmenn, báðir úr TBR, náðu þeim frábæra árangri að verða þrefaldir Íslandsmeistarar, Alda Jónsdóttir U15 og Margrét Jóhannsdóttir U17 en þær urðu einnig þrefaldir Íslandsmeistarar í fyrra. Lið TBA var valið prúðasta lið mótsins. Aðrir Íslandsmeistarar eru: U11 einliðaleikur: Andri Snær Axelsson ÍA og Andrea Nilsdóttir TBR. U13 einliðaleikur: Jóhannes Orri Ólafsson KR og Úlfheiður Embla Ásgeirs dóttir ÍA. U13 tvíliðaleikur: Atli Már Eyjólfsson / Jóhannes Orri Ólafsson KR og Andrea Nilsdóttir / Erna Katrín Pétursdóttir TBR. U13 tvenndarleikur: Andri Snær Axelsson / Harpa Kristný Sturlaugsdóttir ÍA. U15 einliðaleikur: Kristófer Darri Finnsson TBR og Alda Jónsdóttir TBR. Tvíliðaleikur: Davíð Bjarni Björnsson / Kristófer Darri Finnsson TBR og Alda Jónsdóttir / Margrét Nilsdóttir TBR. Tvenndarleikur: Davíð Bjarni Björnsson / Alda Jónsdóttir TBR. U17 einliðaleikur: Daníel Jóhannesson TBR og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Tvíliðaleikur: Daníel Jóhannesson / Eiður Ísak Broddason TBR og Margrét Jóhannsdóttir / Sara Högnadóttir TBR. Tvenndarleikur: Sigurður Sverrir Gunnarsson / Margrét Jóhannsdóttir TBR. U-19 einliðaleikur: Ólafur Örn Guðmundsson BH og María Árnadóttir TBR. Tvíliðaleikur Sigurður Sverrir Gunnarsson / Þorkell Ingi Eriksson TBR og Elísabeth Christensen / María Árnadóttir TBR. Tvenndarleikur: Ólafur Örn Guðmundsson / Sara Högnadóttir BH / TBR.

Meistaramót BH var í mars en mótið er hluti af Varðarmótaröð Badmintonsambandsins og gefur stig á styrkleikalista. Keppt var í öllum greinum í meistara-, A- og B-flokki. Í meistaraflokk stóðu Atli Jóhannesson TBR og Snjólaug Jóhannsdóttir TBR uppi sem sigurvegarar í einliðaleik. Tvíliðaleik karla sigruðu bræðurnir Helgi og Atli Jóhannessonir TBR. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Karitas Ósk Ólafsdóttir og Snjólaug TBR. Í A-flokki sigruðu í einliðaleik Stefán Ás Ingvarsson TBR og Sigríður Árnadóttir TBR. Tvíliðaleik karla sigruðu Kristján Daníelsson og Ármann Steinar Gunnarsson BH. Í tvíliðaleik kvenna unnu Sigríður Árnadóttir og Jóna Kristín Hjartardóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Kristján Daníelsson og Anna Lilja Sigurðardóttir BH. Helgi Grétar Gunnarsson ÍA sigraði í einliðaleik karla í B-flokki og Harpa Hilmisdóttir UMFS vann í einliðaleik í kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Tvíliðaleik kvenna sigruðu Anna Ósk Óskarsdóttir og Hulda Jónasdóttir BH. Tvenndarleikinn unnu Guðmundur Águst Thoroddsen og Arna Karen Jóhannsdóttir Aftureldingu.

Límtrésmót KR fór einnig fram í mars. Mótið er hluti af Varðarmótaröð Badmintonsambandsins og gefur stig á styrkleikalista. Keppt var í flestum greinum í meistara-, A- og B-flokki en ekki voru keppendur í öllum greinar. Í meistaraflokk stóð Egill Guðlaugsson ÍA uppi sem sigurvegarar í einliðaleik í karlauflokk og Rakel Jóhannsdóttir TBR í kvennaflokk. Tvíliðaleik karla sigruðu Atli Jóhannesson og Einar Óskarsson TBR. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Karitas Ósk Ólafsdóttir og Snjólaug Jóhannsdóttir TBR. Tvenndarleikinn sigurðu Bjarki Stefánsson og Rakel. Í A-flokki sigraði Reynir Guðmundsson KR í einliðaleik karla. Ekki var spilaður einliðaleikur né tvíliðaleikur kvenna í A-flokki. Tvíliðaleik karla sigruðu Pétur Hemmingsen og Viktor Jónasson TBR. Tvenndarleikur var ekki spilaður í A-flokki. Í B-flokki sigraði í einliðaleik karla Helgi Grétar



Gunnarsson ÍA. Ekki var keppt í einliða- né tvíliðaleik kvenna í B-flokki og ekki heldur í tvenndarleik. Tvíliðaleik karla unnu Helgi Grétar ÍA og Brynjar Geir Sigurðsson BH.

Dagana 21. – 25. mars sendi BSÍ leikmenn U-19 landsliðs Íslands á opið alþjóðlegt unglingsmót í Uppsala í Svíþjóð. Mótið er í C-flokki að styrkleika innan mótaskrár BWF. Einnig voru keppendur frá Wales, Rússlandi, Eistlandi og Svíþjóð á mótinu. Landsliðið var þannig skipað: Ólafur Örn Guðmundsson BH, Snorri Tómasson TBR, Steinn Þorkelsson ÍA, Thomas Þór Thomsen TBR, Elisabeth Christensen TBR, María Árnadóttir TBR, Margrét Jóhannsdóttir TBR og Sara Högnadóttir TBR. Að öðrum ólöstuðum stóð Sara sig langbest íslensku keppendanna en hún komst í undanúrslit í einliðaleik en aðrir duttu út í fyrsta leik. Í tvíliðaleik unnu Sara og Margrét Jóhannsdóttir einn leik en duttu út eftir oddalotu í annarri umferð.

Meistaramót Íslands fór fram helgina 30. mars – 1. apríl. Fjöldi keppenda á mótinu var 160 frá 11 félögum, Aftureldingu, BH, Hamri, Huginn, ÍA, KR, Samherjum, TBA, TBR, UMF Skallagrími og UMFH. Íslandsmeistarar í meistaraflokki urðu í einliðaleik Kári Gunnarsson og Ragna Ingólfssdóttir bæði úr TBR, í tvíliðaleik Magnús Ingi Helgason og Helgi Jóhannesson TBR í karlauflokki og Ragna Ingólfssdóttir og Katrín Atladóttir TBR í kvennaflokkum. Í tvenndarleik urðu Atli Jóhannesson og Snjólaug Jóhannsdóttir TBR Íslandsmeistarar. Tinna Helgadóttir varð fyrir því óhappi að slíta hásin í úrslitaleiknum í tvíliðaleik kvenna og þurftu þær Erla Björg Hafsteinsdóttir BH því að gefa þann leik þegar önnur lota var hafin. Þá þurftu Tinna og Magnús Ingi að gefa úrslitaleikinn í tvenndarleik. Í A-flokki urðu Daníel Jóhannesson TBR og Sigríður Árnadóttir TBR Íslandsmeistarar í einliðaleik, í tvíliðaleik Gunnar Bjarki Björnsson og Thomas Þór Thomsen TBR í karlauflokki og Guðrún Júlíusdóttir og Áslaug Jónsdóttir TBR í kvennaflokkum. Í tvenndarleik urðu Ingólfur Ingólfsson og Kristín Magnúsdóttir TBR Íslandsmeistarar. Í B-flokki urðu Pálmi Guðfinnsson TBR og Alda Jónsdóttir TBR Íslandsmeistarar í einliðaleik, í tvíliðaleik Ivan Falck-Petersen og Karl Karlsson Samherjum í karlauflokki og Anna Ósk Óskarsdóttir og Hulda Jónasdóttir BH í kvennaflokkum. Íslandsmeistarar í tvenndarflokki urðu Kristófer Darri Finnson og Margrét Nilsdóttir TBR. Í æðstaflokki varð Skarphéðinn Garðarsson TBR Íslandsmeistari í einliðaleik og í tvíliðaleik urðu Haraldur Kornelíusson og Skarphéðinn Garðarsson TBR Íslandsmeistarar. Í heiðursflokkum varð Haraldur Kornelíusson TBR Íslandsmeistari í einliðaleik líkt og í fyrra og í tvíliðaleik urðu Kjartan Nielsen og Óskar Óskarsson TBR Íslandsmeistarar eins og árið 2011.

#### Apríl:

Fyrirtækjakeppni Badmintonsambandsins verður haldin í apríl en með henni er verið að safna fyrir stærsta landsliðsverkefni ársins, Iceland International. Í fyrra tóku tæplega 40 fyrirtæki þátt í mjög skemmtilegri keppni og vonast er til að þátttaka í þessari keppni verði ekki síðri.

Evrópukeppni einstaklinga fór fram í Karlskrona í Svíþjóð. Ragna Ingólfssdóttir og Kári Gunnarsson kepptu í einliðaleik. Ragna datt út í fyrstu umferð en Kári vann fyrsta leik



sinn og datt út í annarri umferð. Helgi Jóhannesson og Magnús Ingi Helgason tóku þátt í tvíliðaleik og duttu út í fyrstu umferð.

Kristján Daníelsson formaður Badminton sambandsins sótti aðalfund Badminton sambands Evrópu í Karlskrona í Svíþjóð.

Sigríður Bjarnadóttir fyrrverandi formaður Badminton sambandsins var valin í kvennanefnd á vegum evrópska badminton sambandsins og sótti fund vegna þessa í Karlskrona í Svíþjóð. Þetta er í annað skipti sem þessi nefnd er skipuð af Badminton Europe og Sigríður hefur verið valin í hana í bæði skiptin.

Anna Lilja Sigurðardóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir sóttu þjálfaranámskeið á vegum Badminton Europe. Námskeiðið nefnist „Shuttle Time“. Á því er þjálfurum kennt að kynna badminton fyrir íþróttakennurum sem hjálpar til við útbreiðslu badmintons.

Á tímabilinu spiluðu tveir íslenskir badmintonspilarar í dönsku deildinni. Tinna Helgadóttir spilaði með Værloose í úrvallsdeildinni og Magnús Ingi Helgason spilaði með Hillerød sem vann sig upp í 2. deild og spilar í henni á næsta keppnistímabili.

Auk ofangreindra viðburða á tímabilinu 2011 – 2012 fóru fram tugir badmintonmóta á vegum aðildarfélaga BSÍ. Landsliðshópar Badminton sambandsins æfðu einnig öturlega á árinu bæði á stökum æfingum og í æfingabúðum.



# Úrslit móta á starfsárinu

## ***Deildakeppni BSÍ 2012***

### ***Meistaradeild:***

1. TBR – A landsliðið
2. TBR – Öllrarar 1

### ***A-deild:***

1. BH – K liðið
2. TBR – Öllrarar 2

### ***B-deild:***

1. BH – Keppnis
2. TBR – Þrumuguðirnir

## ***Íslandsmót unglings 2012***

### ***Einliðaleikur:***

#### *U-11*

Snáðar

1. Andri Snær Axelsson ÍA
2. Davíð Örn Harðarson ÍA

Snótir

1. Andrea Nilsdóttir TBR
2. Erna Katrín Pétersdóttir TBR

#### *U-13*

Hnokkar

1. Jóhannes Orri Ólafsson KR
2. Daníel Smári Oddbjörnsson TBS

Tátur

1. Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir ÍA
2. Hafdís Jóna Þórarinsdóttir BH

#### *U-15*

Sveinar

1. Kristófer Darri Finnsson TBR
2. Róbert Ingi Huldarsson BH

Meyjar

1. Alda Jónsdóttir TBR
2. Harpa Hilmisdóttir UMFS

#### *U-17*

Drengir

1. Daníel Jóhannesson TBR
2. Stefán Ás Ingvarsson TBR

Telpur

1. Margrét Jóhannsdóttir TBR
2. Sara Högnadóttir TBR



*U-19*

Piltar

1. Ólafur Örn Guðmundsson BH
2. Thomas Þór Thomsen TBR

Stúlkur

1. María Árnadóttir TBR
2. Elisabeth Christensen TBR

**Tvíliðaleikur:**

*U-13*

Hnokkar

1. Atli Már Eyjólfsson / Jóhannes Orri Ólafsson KR
2. Andri Snær Axelsson / Davíð Örn Harðarson ÍA

Tátur

1. Andrea Nilsdóttir / Erna Katrín Pétursdóttir TBR
2. Harpa Kristný Sturlaugsdóttir / Úlfheiður Embla Ásgeirsdoottir ÍA

*U-15*

Sveinar

1. Davíð Bjarni Björnsson / Kristófer Darri Finnsson TBR
2. Davíð Phoung / Vignir Haraldsson TBR

Meyjar

1. Alda Jónsdóttir / Margrét Nilsdóttir TBR
2. Harpa Hilmisdóttir / Lína Dóra Hannesdóttir UMFS / TBR

*U-17*

Drengir

1. Daníel Jóhannesson / Eiður Ísak Broddason TBR
2. Andri Páll Alfreðsson / Stefán Þór Bogason TBR

Telpur

1. Margrét Jóhannsdóttir / Sara Högnadóttir TBR
2. Sigríður Árnadóttir / Jóna Kristín Hjartardóttir TBR

*U-19*

Piltar

1. Sigurður Sverrir Gunnarsson / Þorkell Ingi Eriksson TBR
2. Snorri Tómasson / Stefán Ás Ingvarsson TBR

Stúlkur

1. Elísabeth Christensen / María Árnadóttir TBR
2. Hulda Lilja Hannesdóttir / Ivalu Birna Falck-Petersen TBR / TBA



**Tvenndarleikur:**

*U-13*

Hnokkar/Tátur

1. Andri Snær Axelsson / Harpa Kristný Sturlaugsdóttir ÍA
2. Daníel Orri Finnsson / Andrea Nilsdóttir TBR

*U-15*

Sveinar/Meyjar

1. Davíð Bjarni Björnsson / Alda Jónsdóttir TBR
2. Kristófer Darri Finnsson / Margrét Nilsdóttir TBR

*U-17*

Drengir/Telpur

1. Sigurður Sverrir Gunnarsson / Margrét Jóhannsdóttir TBR
2. Daníel Jóhannesson / Sigríður Árnadóttir TBR

*U-19*

Piltar/Stúlkur

1. Ólafur Örn Guðmundsson / Sara Högnadóttir BH / TBR
2. Snorri Tómasson / María Árnadóttir TBR

**Prúðasta lið mótsins var valið TBA.**

**Meistaramót Íslands 2012:**

**Meistaraflokkur:**

*Einliðaleikur karla:*

1. Kári Gunnarsson TBR
2. Magnús Ingi Helgason TBR

*Einliðaleikur kvenna:*

1. Ragna Ingólfssdóttir TBR
2. Snjólaug Jóhannsdóttir TBR

*Tvíliðaleikur karla:*

1. Helgi Jóhannesson / Magnús Ingi Helgason TBR
2. Atli Jóhannesson / Kári Gunnarsson TBR



*Tvíliðaleikur kvenna:*

1. Katrín Atladóttir / Ragna Ingólfssdóttir TBR
2. Erla Björg Hafsteinsdóttir / Tinna Helgadóttir BH / TBR

*Tvenndarleikur:*

1. Atli Jóhannesson / Snjólaug Jóhannsdóttir TBR
2. Magnús Ingi Helgason / Tinna Helgadóttir TBR

**A-flokkur:**

*Einliðaleikur karla:*

1. Daníel Jóhannesson TBR
2. Gunnar Bjarki Björnsson TBR

*Einliðaleikur kvenna:*

1. Sigríður Árnadóttir TBR
2. Unnur Björk Elíasdóttir TBR

*Tvíliðaleikur karla:*

1. Gunnar Bjarki Björnsson / Thomas Þór Thomsen TBR
2. Vignir Sigurðsson / Þórhallur Einiisson TBR

*Tvíliðaleikur kvenna:*

1. Guðrún Júlíusdóttir / Áslaug Jónsdóttir TBR
2. Hrund Guðmundsdóttir / Sigrún Einarsdóttir TBR

*Tvenndarleikur:*

1. Ingólfur Ingólfsson / Kristín Magnúsdóttir TBR
2. Þórhallur Einiisson / Hrund Guðmundsdóttir TBR

**B-flokkur:**

*Einliðaleikur karla:*

1. Pálmi Guðfinnsson TBR
2. Brynjar Geir Sigurðsson BH

*Einliðaleikur kvenna:*

1. Alda Jónsdóttir TBR
2. Harpa Hilmsdóttir UMF Skallagrímur

*Tvíliðaleikur karla:*

1. Ivan Falck-Petersen / Karl Karlsson Samherjum
2. Brynjar Geir Sigurðsson / Helgi Grétar Gunnarsson BH / ÍA



*Tvíliðaleikur kvenna:*

1. Anna Ósk Óskarsdóttir / Hulda Jónasdóttir BH
2. Harpa Hilmsdóttir / Lína Dóra Hannesdóttir UMF Skallagrímur / TBR

*Tvenndarleikur:*

1. Kristófer Darri Finnsson / Margrét Nilsdóttir TBR
2. Daníel Þór Heimisson / Írena Jónsdóttir ÍA

***Æðsti flokkur (50+):***

*Einliðaleikur karla:*

1. Skarphéðinn Garðarsson TBR
2. Árni Haraldsson TBR

*Tvíliðaleikur karla:*

1. Haraldur Kornelíusson / Skarphéðinn Garðarsson TBR
2. Hörður Þorsteinsson / Árni Haraldsson BH / TBR

***Heiðursflokkur (60+):***

*Einliðaleikur karla:*

1. Haraldur Kornelíusson TBR
2. Kristinn Jónsson Samherjum

*Tvíliðaleikur karla:*

1. Kjartan Nielsen / Óskar Óskarsson TBR
2. Benedikt Bjarnason / Sigurður Skúlason TBR



Árskýrsla BSÍ 2012

## Landsliðsmál *HM liðakeppni 2011 – Sudirman Cup, Kína*

Landsliðið safnaði fyrir þátttöku á HM í liðakeppni með fisksölu og hélt fyrirtækjakeppni BSÍ þar sem mjög dýrt var að senda liðið til Kína en liðið fékk fjölmargar spurningar frá blaðamönnum í Kína og frá öðrum þjóðum um þessa söfnun og mikið hól fyrir þetta framtak. Keppnin var haldin dagana 22. - 29. maí 2011 í borginni Qingdao í Kína. Liðið fór í ferðina 18. maí og kom aftur heim 29. maí. Flogið var frá Stokkhólmi til Peking og þaðan var svo rúmlega klukkutíma flug til Qingdao. Með Íslandi í deild voru eftirtaldar þjóðir: Filippseyjar, Sri Lanka, Ísrael og Seycil eyjar. Landsliðið skipuðu: Atli Jóhannesson TBR, Helgi Jóhannesson TBR, Magnús Ingi Helgason TBR, Ragna Ingólfssdóttir TBR, Snjólaug Jóhannsdóttir TBR og Tinna Helgadóttir TBR.



### **Mánudagur 23. maí Ísland-Seycil eyjar 5 – 0**

Magnús og Snjólaug léku tvenndarleik á móti George Cupidon og Allisen Camille og sigruðu 21-19 og 21-19. Atli lék við Steve Malcouzne og sigraði örugglega 21-9 og 21-14. Tinna lék við Cynthia Course og sigraði 21-10 og 22-20. Magnús og Helgi léku við Kervin



Ghislan og George Cupidon og sigruðu örugglega 21-11 og 21-14. Ragna og Snjólaug léku við Cynthia Course og Allisen Camille og sigruðu 21-8 og 21-11.

### **Priðjudagur 24. maí Ísland-Sri Lanka 2 – 3**

Magnús og Tinna léku við Edirimuni Dinuka Perera Karunararhna og Samanthika Pathirnalage Weerasinghe og töpuðu 10-21, 21-12 og 8-21. Eins og úrslitin gefa til kynna var mikill lotumunur á spilinu hjá okkur, miðlotan var fín og allt komið í gott lag. Í oddalotunni byrjuðum við illa og því fór sem fór. Atli lék við Niluka Karunararhna og tapaði 17-21 og 16-21. "Lankinn" klárlega bestur í þessari deild og gekk Atla nokkuð vel á móti honum. Ragna lék við Achini Rathnasiri og sigraði örugglega 21-15 og 21-6. Ragna "tók hana í nefið" í annarri lotunni og spilaði mjög vel. Magnús og Helgi léku við Edirimuni Dinuka Perera Karunararhna og Niluka Karunararhna og töpuðu 19-21, 21-13 og 17-21. Frábær leikur sem við rétt töpuðum. Í fyrstu lotu vorum við svolítið lengi í gang og áttum að vinna hana. Önnur lotan var góð hjá okkur. Í oddalotunni byrjuðum við illa og lentum undir 2-9 og svo 9-11 í hléinu. Eftir það voru mörg mjög góð "rally" í leiknum og munaði mjög litlu að sigur næðist. Þar með vorum við undir 1-3 og leikurinn tapaður. Ragna og Tinna léku við Achini Rathnasiri og Samanthika Pathirnalage Weerasinghe og unnu léttilega 21-17 og 21-7.

### **Miðvikudagur 25. maí Ísland-Filippseyjar 2 – 3**

Helgi og Tinna léku við Paul Jefferson Vivas og Gelita Castillo og sigruðu 15-21, 21-13 og 21-17. Helgi var fyrstu lotuna að komast í gírinn en eftir það gekk spilið vel hjá okkur og næstu tvær lotur unnum við örugglega. Atli lék við Antonino Benjaminn Gadi og tapaði 16-21 og 11-21. Fyrri lotan hjá Atla var góð og hann vel með í öllu spilinu en í seinni lotunni gerði Atli fleiri feila og missti hann of langt fram úr sér til að geta unnið það upp. Ragna lék við Malvinne Ann Venice Alcala og sigraði 21-19 og 21-11. Ragna klúðraði aðeins í fyrri lotunni en í þeirri seinni spilaði hún bæði hraðar, var öruggari í spilinu og vann frekar létt. Magnús og Helgi léku við Philip Joper Esceuta og Peter Gabriel Magnaye og töpuðu 14-21, 21-18 og 17-21. Aftur vorum við seinir í gang í fyrstu lotunni og töpuðum henni. Í annarri lotunni gekk allt upp. Í oddalotunni var allt í járnum allan tímann og spilið gott báðum megin. Við töpuðum samt að lokum og var það svekkjandi. Staðan 2-2 og tvíliðaleikur kvenna eftir. Ragna og Tinna léku við Malvinne Ann Venice Alcala og Gelita Castillo og töpuðu 18-21, 21-14 og 15-21. 75 mínútta leikur og þvílíkt jafn. Í annarri lotunni náðum við að spila meira á lakari stelpuna og halda henni fyrir aftan og þreyta hana. Í oddalotunni var staðan 14-14 og töpuðum við síðan 15-21. Engu mátti muna og vorum við óheppin annan leikinn í röð þar sem við höfðum alla burði til að vinna deildina okkar.



## Fimmtudagur 26. maí Ísland-Ísrael 4 – 1

Atli lék við Misha Zilberman og tapaði 9-21 og 7-21. Atli fann sig ekki í þessum leik og reyndar er Ísraelinn líka sterkur. Ragna lék við Alina Pugach og sigraði 21-10 og 21-8. Helgi og Magnús léku við Alexandes Bass og Vladislav Chislov og sigruðu 21-19, 19-21 og 21-16. Óþarflega jafn leikur að mínu mati en þeir börðust vel og voru með góðar uppgjafir. Ragna og Snjólaug léku við Alina Pugach og Svetlana Zilberman Beliasov og sigruðu 21-18 og 21-16. Nokkuð öruggt og við alltaf með frumkvæðið í leiknum. Helgi og Tinna léku við mæðginin Misha Zilberman og Svetlana Zilberman Beliasov og sigruðu 21-13 og 21-12. Já, það hlýtur að vera skrítið að spila með mömmu sinni en það hafa þau nú gert í mörg ár. Hún er 43 ára en hann 23 ára. Þar með lauk mótinu hjá okkur með þriðja sætinu en Sri Lanka vann svo Filippseyjar 4-1 um fyrsta sætið og vorum við sorglega nálægt því að vinna deildina en þetta herðir okkur og munum við hefna okkar grimmilega við næsta tækifæri því við vitum að við getum unnið þessar þjóðir.

Kína varð heimsmeistari enn eitt árið eftir sigur á Dönum 3-0 sem komust í úrslit í fyrsta skipti í sögunni. Lin Dan er þriðji tekjuhæsti íþróttamaðurinn í Kína á eftir Yao Ming körfuboltarisanum. Það var sama hvort um sjónvarps- eða götuauglýsingar var að ræða, allstaðar var Lin Dan.

Ég vil þakka öllum ferðafélögum fyrir eftirminnilega og frábæra ferð og tel ég að ferð þessi verði okkar keppnisfólki kærkomið veganesti í framtíðinni og mikil reynsla bætist í safnið hjá okkar fólki.

Árni Þór Hallgrímsson, landsliðsþjálfari



## *U17 EM 2011 – Caldas da Rainha, Portúgal*

Evrópumót unglings í hvorutveggja liða- og einstaklingskeppni 2011 var haldin í Caldas da Rainha í Portúgal dagana 19. – 27. nóvember. Fimmtudaginn 17. nóvember var flogið af stað til Lissabon í Portúgal með viðkomu á Gatwick í London. Kept var í bænum Caldas da Rainha sem er 85 km frá flugvellinum.

Ísland var í riðli með Frökkum, Þjóðverjum og Litháum. Landsliðið var þannig skipað: Daníel Jóhannesson TBR, Eiður Ísak Broddason TBR, Sigurður Sverrir Gunnarsson TBR, Stefán Ás Ingvarsson TBR, Margrét Finn bogadóttir TBR, Margrét Jóhannsdóttir TBR, Sara Högnadóttir TBR og Sigríður Árnadóttir TBR.



### **Laugardagur 19. nóvember Ísland-Pýskaland 0 – 5**

Eiður lék á móti Lars Schanzler og tapaði 5-21 og 6-21. Margrét J. lék á móti Lara Kapplerin og tapaði 18-21 og 15-21. Sigurður og Stefán léku á móti Johannes Pistorius og Fabian Roth og töpuðu 3-21 og 10-21. Sara og Margrét F. léku á móti Linda Efler og Jennifer Karnott og töpuðu 10-21 og 10-21. Daníel og Sigríður léku við Fabian Roth og Lara Kapplerin og töpuðu 17-21 og 8-21. Þjóðverjarnir eru mun sterkari en við og unnu örugglega. Það var í fyrstu lotu í einliðaleik kvenna og fyrstu lotu í tvenndarleik sem við vorum í jöfnu spili.



## Sunnudagur 20. nóvember Ísland-Frakkland 0 – 5

Magrét J. lék við Delphine Lansac og tapaði 13-21 og 12-21. Frönsku stelpunni var raðað númer tvö í mótið og var sterk. Daníel lék við Tanguy Guerin og tapaði 7-21 og 9-21. Sara og Margrét J. léku við Stacey Guerin og Anne Tran og töpuðu í oddi 15-21, 21-18 og 13-21. Góður leikur hjá stelpunum en þær byrjuðu oddinn illa. Sigurður og Stefán léku við Vanmael Heriau og Loic Mittelheisser og töpuðu 8-21 og 7-21. Eiður og Sara léku við Jordan Corvee og Marie Batomene og töpuðu 15-21 og 13-21.

## Mánudagur 21. nóvember Ísland-Litháen 2 – 3

Daníel og Sara léku við Tautvydas Liorancas og Gabija Narvilaite og töpuðu 12-21 og 12-21. Lento strax langt undir í báðum lotunum og gátu ekki unnið upp muninn. Eiður lék við Ignas Reznikas og tapaði 11-21 og 10-21. Seinni lotan var fín í byrjun hjá Eiði en svo missti hann Reznikas eftir 7-11 of langt frá sér. Margrét J. lék við Rebeka Alekseviciute og sigraði 21-15 og 21-6. Smá mistök í fyrstu lotunni en í seinni gott spil og öruggur sigur. Eiður og Daníel léku við Tautvydas Liorancas og Ignas Reznikas og töpuðu í oddi 14-21, 21-17 og 13-21. Önnur lotan var góð hjá strákunum og byrjunin í oddinum en of mörg mistök í restina varð okkur að falli í þessum úrslitaleik. Sara og Margrét J. léku við Rebeka Alekseviciute og Gabija Narvilaite og sigruðu 21-8 og 21-13. Öruggt allan tímann enda okkar miklu betri.

Þar með var þáttöku okkar í liðakeppninni lokið og unnu Frakkar riðilinn. Þjóðverjar komust einnig áfram með besta árangur liðs í öðru sæti í riðli. Okkar krakkar stóðu sig vel í leikjunum en auðvelt var að sjá að Margrét J. og Sara eru reynslumestar og bestar í liðinu. Þær hafa oftast farið að keppa á erlendri grundu. Hinir leikmennirnir okkar eru reynslunni ríkari eftir þessa liðakeppni.

## Einstaklingskeppni

## Miðvikudagur 23. nóvember

Stefán Ás og Sigríður léku við Stijn De Langhe og Ann Knaepen frá Belgíu og töpuðu 7-21 og 8-21. Sigurður og Margrét F. léku við Mark Caljouw og Alida Chen frá Hollandi og töpuðu 6-21 og 6-21.

## Fimmtudagur 24. nóvember

Magrét J. lék við Jordan Hart frá Wales og tapaði 20-22 og 18-21. Margrét var yfir í báðum lotunum þegar lítið var eftir en tókst ekki að klára loturnar. Þetta var fyrsti einliðaleikurinn sem Margrét gerði svolítið af mistökum í. Hún átti að mínu mati að vinna þennan leik sérstaklega miðað við það hvernig hún var búin að spila í mótinu fram til þessa. Sara lék við Martina Repiska frá Slóvakíu og tapaði 19-21 og 12-21. Sara átti



góðan möguleika á að vinna fyrstu lotuna. Eiður lék við Josh Neil frá Skotlandi og tapaði 9-21 og 9-21. Skotinn var mjög góður og sá eini sem náði að vinna lotu af Evrópumeistararum Alex Lane frá Englandi. Daníel lék við Pirmin Klotzner frá Ítalíu og tapaði 18-21 og 11-21. Daníel gat vel unnið fyrstu lotuna. Sara og Margrét J. léku við Magdalena Lajdova og Denisa Sikalova og sigruðu 21-17 og 21-16. Vel spilaður leikur með fáum mistökum. Sigríður og Margrét F. fengu gefinn leik á móti sánsku pari. Eiður og Daníel léku við Lars Schanzler og Marvin Seidel frá Pýskalandi og töpuðu 7-21 og 13-21. Sigurður og Stefán léku við Andriy Lachkov og Mykhaylo Sergey frá Úkraínu og töpuðu 11-21 og 12-21.

## Föstudagur 25. nóvember

Önnur umferð:

Sara og Margrét J. léku við Aycan Koc og Özge frá Tyrklandi og töpuðu í oddalotu 14-21, 21-15 og 20-22. Frábær leikur hjá okkar stelpum sem voru óheppnar að vinna ekki. Okkar stelpur leiddu oddinn 15-13 og 20-19 og voru komnar í góða stöðu en ekki tókst að klára leikinn, því miður. Tyrkneska parið tapaði svo 21-16 í oddi fyrir pari raðað númer tvö í mótið frá Englandi svo að segja má að gaman hefði verið að komast aðeins lengra í mótinu. Sigríður og Margrét F. léku við Luisa Faria og Noemia Jesus frá Portúgal og sigruðu 21-13 og 21-18. Ágætur sigur.

Priðja umferð:

Sigríður og Margrét F. léku við Ine Lanckriet og Flore Vandenhoucke og töpuðu 10-21 og 9-21.

Þar með lauk okkar þátttöku á þessu Evrópumóti unglings sem var frábært tækifæri fyrir okkar krakka til keppa á. Þau læra mikið á svona mónum og hafa mjög gott af því að bera sig saman við aðrar þjóðir og spá í hvað þau sjálf vilja leggja mikið á sig til að komast í fremstu röð og vilja vonandi reyna að komast í A-landslið Íslands þegar fram líða stundir. Þetta eru efnilegir leikmenn og er ég sannfærður um að þeir eigi eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni innanlands sem utan.

Ég vil að lokum þakka öllum fyrir frábæra ferð og er ég viss um að þau hafi öll skemmt sér mjög vel í þessari ferð og mótt þetta verði þeim gott veganesti inn í badmintonframtíð þeirra.

Árni Þór Hallgrímsson, landsliðsþjálfari

## Thomas & Uber Cup 2012 – Amsterdam, Hollandi

Evrópukeppni karla – og kvennalandslíða (Thomas & Uber Cup) var haldin í Hollandi og sendu Íslendingar lið í báðar keppnir. Keppnin var spiluð í átta riðlum með einni raðaðri þjóð í hverjum riðli. Strákarnir voru með Úkraínu, Finnlandi og Luxemborg í riðli og var Úkraínu raðað. Stelpurnar voru með Frökkum, Wales og Belgum í riðli og var Frökkum raðað. Ákveðið var að senda fimm stráka og fimm stelpur. Það kom sér mjög vel þegar upp



komu meiðsli í karlaliðinu. Þrjár efstu kvenþjóðirnar og fjórar efstu karlþjóðirnar komast í lokakeppni Thomas og Uber Cup í maí 2012. Í ferðina fóru ásamt undirrituðum eftirtaldir leikmenn:

Thomas Cup: Atli Jóhannesson TBR, Egill G. Guðlaugsson ÍA, Helgi Jóhannesson TBR, Kári Gunnarsson TBR og Magnús Ingi Helgason TBR. Róbert Þór Henn TBR var valinn í liðið en vegna meiðsla komst hann ekki með.

Uber Cup: Karitas Ósk Ólafsdóttir TBR, Ragna Ingólfssdóttir TBR, Rakel Jóhannesdóttir TBR, Snjólaug Jóhannsdóttir TBR og Tinna Helgadóttir TBR.

### Þriðjudagur 14. febrúar Uber Cup Ísland-Belgía 2 – 3

Ragna lék við Lianne Tan og tapaði 13-21 og 17-21. Belgíska stelpan er aðeins fyrir ofan Rögnu á heimslista. Ragna byrjaði vel í fyrri lotu en gerði aðeins of mörg mistök í sóknarhöggunum. Tinna lék við Sabine Devooght og vann 21-17 og 21-13. Tinnu gekk vel að sækja og skoraði mikið þannig. Snjólaug lék við Flore Vandenhoucke og tapaði 19-21 og 20-22. Mikið af smössum frá belgísku stelpunni sem ýmist klúðruðust eða hún skoraði úr. Snjólaug gekk illa að stjórna leiknum en munaði samt litlu að hún tæki samt þennan leik. Ragna og Tinna léku við Steffi Annys og Severine Corvilain og unnu 21-11 og 23-21. Létt fyrsta lota en meira spil og leikur í seinni lotunni. Þar með var staðan orðin 2-2 í landsleiknum. Snjólaug og Karitas léku við Janne Elst og Jelske Snoeck og töpuðu 14-21 og 12-21. Við vorum í vandræðum með sendingarnar okkar í leiknum. Sendivillur voru



dæmdar á okkur hvað eftir annað, illa gekk að lækka uppgjafirnar og truflaði það leikinn hjá okkar stelpum.

### **Priðjudagur 14. febrúar Thomas Cup Ísland-Úkraína 1 – 4**

Atli lék við Dmytro Zavadsky og tapaði 9-21 og 13-21. Atli spilaði mjög vel í byrjun, afslappaður og mjúkur. Í seinni lotunni gerði Atli fleiri mistök. Kári lék við Valeriy Atrashchenkov og tapaði 10-21 og 18-21. Kári klúðraði of mikið og gaf nokkur stig í fyrri lotunni. Í seinni lotunni spilaði Kári betur. Egill lék við Vitaly Konov og tapaði 11-21 og 13-21. Fyrsti A-landsleikur Egils og spilaði hann á fullu, klúðraði aðeins of mikið á móti góðum leikmanni. Helgi og Magnús léku við Gennadiy Natarov og Artem Pochtarev og unnu 21-14, 19-21 og 21-18. Ungir strákar á móti okkur og var óþarfi að fara í oddalotu á móti þeim. Atli og Kári léku við Vitaly Konov og Dmytro Zavadsky og töpuðu 10-21 og 17-21. Klárlega sterkasta par þeirra Úkraínumannna en stig á heimslista segja annað og erfitt fyrir okkar stráka að vinna þennan leik.

### **Miðvikudagur 15. febrúar Uber Cup Ísland-Frakkland 1 – 4**

Ragna lék við Hongyan Pi og tapaði 19-21 og 18-21. Franska stelpan er í kringum 20 á heimslista og er mjög sterk. Ragna gat vel unnið þennan leik, leiddi báðar loturnar en rétt tapaði í lokin. Sóknarhöggin voru aðeins að stríða Rögnu sem oftast er mjög góð að sækja. Snjólaug lék við Perrine Lebuhanic og tapaði 10-21 og 11-21. Snjólaug var undir allan tímann og erfitt var að vinna upp stigamuninn í lotunum. Rakel lék við Marie Batomene og tapaði 9-21 og 8-21. Rakel gekk frekar illa að halda boltanum í leik sem er hennar aðal styrkur á venjulegum degi. Klúðraði óvenju mikið í þessum leik. Tinna og Ragna léku við Audrey Fontaine og Emilie Lefel og unnu 21-16 og 21-12. Dásamlegt spil hjá okkar stelpum og gæðin góð enda sigurinn öruggur. Snjólaug og Karitas léku við Lorraine Baumann og Lea Palermo og töpuðu 13-21 og 17-21. Nokkrar sendivillur dæmdar á okkur í þessum leik eins og í gær. Samt bæting í spili.

### **Miðvikudagur 15. febrúar Thomas Cup Ísland-Finnland 1 – 4**

Atli lék við Ville Lang og tapaði 12-21 og 10-21. Finninn er á topp 50 í heiminum og erfiður við að eiga. Magnús lék við Eetu Heino og tapaði 5-21 og 12-21. Magnús byrjaði mjög illa en náði sér betur á strik í seinni lotunni. Kári lék við Kalle Koljonen og tapaði í oddalotu 17-21, 21-11 og 20-22. Kári tognaði aftan í læri í miðri oddalotunni en leiddi oddinn samt 20-17 en náði ekki að vinna leikinn, svekkjandi eftir að vera kominn í góða stöðu. Helgi og Magnús léku við Eetu Heino og Oskari Saarinen og unnu 21-19 og 21-17. Okkar strákar alltaf með yfirhöndina í þessum leik og nokkuð öruggur sigur. Atli og Kári léku við Ville Lang og Mikko Vikman og töpuðu 18-21 og 8-21. Nokkuð góð fyrri lota en seinni alltof slöpp.



## Fimmtudagur 16. febrúar Uber Cup Ísland-Wales 2 – 3

Ragna lék við Sarah Thomas og vann 21-11 og 22-20. Örugg fyrri lota en smá strögl í seinni lotunni en sigur að lokum. Tinna lék við Carissa Turner og tapaði 12-21, 21-19 og 18-21. Hörkuleikur og klárlega úrslitaleikurinn í þessari viðureign við Wales. Tinna stóð sig vel og barðist eins og ljón allan tímamann en varð láta í minni pokann að lokum. Snjólaug lék við Vikke Jones og tapaði 14-21 og 14-21. Snjólaug missti andstæðinginn of langt fram úr sér í báðum lotunum og þurfti að elta allan tímamann. Ragna og Tinna léku við Sarah Thomas og Carissa Turner og unnu 23-21 og 21-14. Okkar stelpur voru smástund að koma sér í gang en þegar þær voru komnar í gírinn var þessi leikur aldrei spurning og góður sigur hjá okkar stelpum. Staðan orðin 2-2 í þessum landsleik og einn leikur eftir. Karitas og Rakel léku við Bethan Higginson og Vikki Jones og töpuðu 21-23 og 17-21. Mjög spennandi leikur og vantaði lítið upp á að við myndum vinna leikinn, mikið spil og löng rally. Þar með lentum við í neðsta sæti í okkar riðli. Frakkland vann riðilinn en tapaði síðan fyrir þýsku stelpunum í átta liða úrslitum. Þýsku stelpurnar gerðu sér lítið fyrir tóku fyrsta sætið í mótinu eftir frábæran sigur á Dönnum 3-1 í úrslitaleiknum. Þetta er í fyrsta sinn sem þjóðverjar vinna Dani í landsleik í badminton. Hollensku stelpurnar náðu þriðja og síðasta sætinu í lokakeppninni.

## Fimmtudagur 16. febrúar Thomas Cup Ísland-Lúxemborg 3 – 2

Atli lék við Robert Mann og tapaði í oddalotu 18-21, 29-27 og 11-21. Atli sótti fullmikið í byrjun og eyddi mikilli orku í það. Tók mikið af erfiðum höggum og var á fullri ferð um allan völl. Atli gerði of mikið af mistökum í fyrstu lotunni sem hann átti að vinna. Magnús lék við Yann Hellers og vann 21-14 og 21-10. Algjört burst hjá Magnúsi, allt frá fyrsta bolta. Egill lék við Mike Vallenthini og tapaði 18-21 og 18-21. Svipað og hjá Atla, mikil sókn sem klúðraðist of oft. Egill gaf sig allan í leikinn en var of ákafur á köflum en það kemur með reynslunni. Helgi og Magnús léku við Yann Hellers og Eric Solagna og unnu 21-13 og 21-14. Atli og Egill léku við Akis Leo Thomas og Mike Vallenthini og unnu 21-12 og 21-12. Tvíliðaleikirnir voru öruggir báðir tveir. Og þar með sigurinn höfn. Kári gat ekki spilað í þessum leik vegna meiðsla og ef við hefðum farið út með fjóra stráka en ekki fimm hefðum við þurft að gefa inn tvíliðaleik á móti Lúxemborg. Helgi, Magnús, Ragna og Tinna unnu alla tvíliðaleikina sem þau spiluðu í mótinu sem er mjög góður árangur. Strákarnir lentu þar með í þriðja sæti í riðlinum á eftir Finnnum og Úkraínu sem unnu riðilinn. Danir unnu karlakeppnina eins og alltaf, þjóðverjar í öðru sæti, England í því þriðja og Rússar fjórða. Að lokum vil ég þakka krökkunum fyrir góða og skemmtilega ferð.

Árni Þór Hallgrímsson, landsliðsþjálfari



## *U19 – Uppsala Junior International í Uppsala, Svíþjóð*

Dagana 21. – 25. mars sendi BSÍ leikmenn U-19 landsliðs Íslands á opið alþjóðlegt ungingamót í Uppsala, Svíþjóð. Mótið er í C-flokki að styrkleika innan mótaskrár BWF. Ásamt okkur voru keppendur frá Wales, Rússlandi, Eistlandi og Svíþjóð. Þar sem engin liðakeppni er í boði til að senda lið á þessu keppnistímabili var ákveðið að fara í þessa ferð. Útsláttarkeppni er keppnisformið á þessu móti.

Landsliðið var þannig skipað: Ólafur Örn Guðmundsson BH, Snorri Tómasson TBR, Steinn Þorkelsson ÍA, Thomas Þór Thomsen TBR, Elisabeth Christensen TBR, María Árnadóttir TBR, Margrét Jóhannsdóttir TBR og Sara Högnadóttir TBR.



### **Föstudagur 23. mars.**

Snorri fékk gefinn leik á móti Agathon Sveneus frá Svíþjóð. Thomas lék við Alexander Verner frá Rússlandi og tapaði 15-21 og 22-24. Thomas lék vel og var með góða forystu í annarri lotunni (18-11) en náði ekki að klára hana. Thomas drap boltann í síðasta stiginu en Rússinn grísaði með spaðann fyrir boltann, óverjandi fyrir

Thomas. Margrét lék við Linda Danielsson frá Svíþjóð og tapaði 14-21 og 16-21. Ólafur lék við Nathan Freeman frá Svíþjóð og tapaði 5-21 og 12-21. Snorri lék við Albin Hjelm frá Svíþjóð og tapaði 10-21 og 15-21. Steinn lék við Sten Rääbis frá Svíþjóð og tapaði 17-21 og 18-21. Steinn byrjaði vel og var í 11-3 og í seinni lotunni var hann 11-7 yfir en náði ekki að sigra. Sara lék við Vanessa Sandberg frá Svíþjóð og sigraði 21-12 og 21-7. Sara lék vel og hitti völlinn vel.

Thomas og Steinn léku við Sander Sauk og Mihkel Talts frá Eistlandi og töpuðu 11-21 og 6-21. Mjög sterkir Eistar. Ólafur og Snorri léku við Sten Rääbis og Heiko Zoober frá Eistlandi og töpuðu í oddi 22-24, 8-21 og 17-21. Hörkuleikur og frábær miðlota sem strákarnir náðu ekki að fylgja eftir.

Thomas og Margrét léku við Andreas Norrgren og Isabel Gonzalez frá Svíþjóð og töpuðu 18-21 og 11-21. Snorri og María léku við Pelle Skoglund og Malin Kullström frá Svíþjóð



og töpuðu 15-21 og 17-21. Steinn og Elisabeth léku við Douglas Lidman og Frida Lundström frá Svíþjóð og töpuðu 13-21 og 5-21.

### **Laugardagur 24. mars.**

Ólafur og Sara léku við Toni Holm Loven og Hanna Ekhamre og töpuðu 10-21 og 9-21.

#### **8 liða úrslit**

Sara lék við Aimee Moran frá Wales og sigræði 21-13 og 21-18. Frábærlega vel gert hjá Söru. Hratt og langt spil og Sara hélt það vel út, ekkert stressuð og örugg allan tímann.

Sara og Margrét léku við Linda Danielsson og Hanna Westerbäck og sigræðu 21-14 og 21-17. Öruggur og góður sigur hjá okkar stelpum. María og Elisabeth léku við Seydi Aktan og Matilda Nygren Strandberg frá Svíþjóð og töpuðu 16-21 og 19-21. Góð seinni lota.

#### **Undanúrslit**

Sara lék við Seydi Akman frá Svíþjóð og tapaði 18-21 og 15-21.

Sara og Margrét léku við Jordan Hart og Aimee Moran frá Wales og töpuðu í oddalotu og hörkuleik 20-22, 24-22 og 13-21. Lengsti leikur mótsins og dæmigerður tvíliðaleikur kvenna, langur og góður. Frábært spil hjá okkar stelpum og auðvitað gátum við unnið þennan leik eins og tölurnar gefa til kynna.

Þar með var þátttöku okkar lokið að þessu sinni og fórum við nokkuð sátt heim. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta móti er haldið og verða örugglega fleiri þjóðir með næst.

Við fengum fullt af góðum leikjum í þessu móti og styrkleikinn nokkuð passlegur þó að við hefðum viljað vinna fleiri jafnar lotur. Stelpurnar okkar eru hlutfallslega sterkar eins og oft áður en strákarnir stóðu sig samt vel. Allir krakkarnir stóðu sig vel og reyndu allt sem þau gátu til að ná góðum árangri. Ég vil þakka þeim fyrir góða og skemmtilega ferð og eiga þau bjarta framtíð fyrir sér í badmintoninu.

Árni Þór Hallgrímsson, landsliðsþjálfari



## Skýrslur aðildarfélaga

### Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar

Stofnað 05.12.1964

Árskýrsla

2011



Aðalfundur Tennis- og badmintonfélags Siglufjarðar var haldinn í veitingastaðnum Torginu 28. apríl 2011. Á fundinum voru árskýrsla og reikningar félagsins samþykkir. Allir í stjórn gáfu kost á sér áfram.

Stjórn Tennis- og badmintonfélags Siglufjarðar skipa:

María Jóhannsdóttir formaður, Gíslína Anna Salmannsdóttir gjaldkeri, Elín Björg Jónsdóttir ritari, Ólafur Helgi Marteinsson varaformaður, Bjarni Árnason meðstjórnandi. Átta stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Iðkendur á tímabilinu janúar – apríl voru 37 samtals sem skiptust í 4 flokka, þar af voru aðeins 3 í flokki U-17, fækkun í elsta hópnum. Iðkendur á tímabilinu september – desember voru samtals 50 þar af ein í U-17 Telpur.

Í byrjun október tókum við inn byrjendur úr 5. bekk, 13 krakka að þessu sinni. Maja og Gilla úr stjórninni fóru í bekkinn og færðu þeim öllum spaða að gjöf frá félaginu og frítt á æfingar tvisvar sinnum í viku til áramóta.

Þessi mótt sóttum við og héldum:

- 14. – 16. janúar Unglingamót TBR Reykjavík. A-mót með 2 keppendur.
- 12. – 13. febrúar Landsbankamót íA Akranesi. A-mót með 23 keppendur.
- 5. – 6. mars Íslandsmót unglings haldið í Fjallabyggð, yfir 200 keppendur voru skráðir til leiks, keppt var í íþróttahúsinu á Siglufirði þar sem U-13 og U-11 spiluðu og í Ólafsfirði spiluðu eldri hópar U-15, U-17 og U-19. Á sunnudag voru öll úrslit spiluð á Siglufirði. Mótið tókst mjög vel í alla staði undir stjórn BSÍ og TBS. Eitthvað var norðaustan átt með snjókomu og hvassviðri að stríða keppendum á heimleid, „rétt sluppu frá Sigló“ en sum liðin voru eitthvað lengur á leiðinni. TBS var með 32 keppendur.
- 5. – 7. apríl Siglufjarðarmót (innanfélags). Með 34 keppendur.
- 30. apríl – 1. maí Norðurlandsmót Samherja Hrafagnili. Með 27 keppendur.
- 5. – 6. nóvember Unglingamót TBA Akureyri. A-mót með 24 keppendur.
- 3. – 4. desember Unglingamót TBS Siglufirði var ekki haldið í þetta sinn vegna þess hræðilega slyss 17. nóvember sem varð Elvu Ýr Óskarsdóttur 13 ára að bana. Viljum við minnast hennar þar sem hún var úr æfingahópi TBS, upprennandi badmintonkona, dugleg að mæta á æfingar og til fyrirmynadar. Einnig stóð hún sig mjög vel á móttum, þar



sem hún vann til verðlauna. Hún gafst aldrei upp fyrr en síðasti bolti var í gólfí. Blessuð sé minning Elvu Ýrar Óskarsdóttur.

Nýir keppnis- og utanyfingallar voru keyptir fyrir krakkana. Rammi hf. og Sparisjóður Siglufjarðar styrktu okkur með auglýsingum á búningana. Þeir fá bestu þakkar fyrir stuðninginn.

Aðalþjálfari er María Jóhannsdóttir. Í október kom Ástrós Ósk Jóhannesdóttir til aðstoðar þegar við tókum inn byrjendahópinn.

Í lok árs eru tilnefndir badmintonmenn ársins.

Þessi voru valin: Jakob Snær Árnason og Guðrún Hulda Ólafsdóttir ungar og efnilegir 13-18 ára, Arnar Þór Björnsson besti maður 18 ára og eldri.

Fjárlögn: Auglýsingaskilti í íþróttahúsi, firmakeppni og lakkríssala. Í október keyrum við firmakeppnina, þar blöndum við trimmurum og krökkum saman. 14 pör tóku þátt.



U-13 ára hópurinn með verðlaun fyrir Siglufjarðarmót 2012

Foreldrastarfið er mjög gott. Þau taka virkan þátt og eiga þakkar fyrir alla hjálpinu.

María Jóhannsdóttir, formaður

Fyrirtæki og einstaklingar styðja vel við unglingsstarfið hjá okkur og fá þau bestu þakkar fyrir stuðninginn.

Happdrættismiðasala fyrir BSÍ gekk mjög vel, að þessu sinni seldom við yfir 200 miða.

Við höfum leiktíma og pizzuhlaðborð tvívar á vetrí. Bíó ferðir og sund þegar við förum á móti.



Ársskýrsla BSÍ 2012

# Badmintondeild KR



## Stjórn Badmintondeilda KR

Reynir Guðmundsson formaður

Alexander Tonini gjaldkeri

Árni Kristmundsson ritari

Badmintondeild KR er næst stærsta badmintondeild Reykjavíkur, um 90 virkir iðkendur, flestir börn og unglungar. Félagsmenn eru rétt tæplega 400 og eru þeir flestir óvirkir gamlir félagar. Æfingatímar deildarinnar voru 15 á viku og má segja að iðkendum verður ekki fjölgæð mikið á meðan ekki fást fleiri æfingatímar. Skipting æfingahópa var þannig að stelpur æfa alveg sér, jafnt byrjendur sem lengra komnar en það má reikna með að við þurfum fljótlega að skipta þeim upp í two hópa eftir getu. Þá voru tveir getuhópar stráka og beztu strákarnir, sem jafnframt voru okkar helstu keppnismenn, æfðu síðan líka með fullorðnum keppnishópi og trimmurum.

## Keppnir og viðburðir

KR átti keppendur á öllum opnum badmintonmótum, bæði unglings og fullorðins. Árangur hefur ekki verið betri í langan tíma. Sigrar í U-13 hnokkar bæði í einliða- og tvíliðaleikjum á flestöllum unglingsmótum



ársins, sem var svo toppað með Íslandsmeistaratitlum í U-13 einliðaleik. Hæst ber árangur Jóhannesar Orra Ólafssonar og Atla Más Eyjólfssonar í flokki U-13. Jóhannes tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í einliðaleik, en hann sigraði alla andstæðinga sína örugglega. Atli Már vann að sama skapi til gullverðlauna í einliðaleik í aukaflokki. Saman urðu þeir félagar svo Íslandsmeistarar í tvíliðaleik eftir glæsilega spilamennsku í úrslitaleiknum.

Íslandsmeistaratitlarnir svo sannarlega kærkomnir, enda **áratugir** síðan KR átti síðast Íslandsmeistara í unglingsflokki. Í flokki U-15 hafnaði Gunnar Trausti Eyjólfsson í 3. – 4. sæti í tvíliðaleik ásamt meðspilara sínum Alexander Erni Kárasoni úr ÍA. Yngstu keppendur KR, í flokki U-11, voru 5 talsins og stóðu sig allir með mikilli prýði. Magnús Daði Eyjólfsson hafnaði í 3. – 4. sæti í einliðaleik snáða og Þorri Birgir Þorsteinsson sigraði aukaflokkinn í sömu grein.





Í fullorðinsflokkum átti KR keppendur í öllum flokkum, Reynir Guðmundsson vann flest A-flokks móts ársins í einliðaleik og varð Íslandsmeistari í A-flokki 10. apríl 2011 þegar hann sigraði andstæðing sinn sem var 32 árum yngri, í jöfnum og spennandi leik á sunnudagsmorgni. Þá var Reynir eini keppandinn frá Íslandi á HM öldunga sem haldið var í Vancouver í Kanada í september. Þar tapaði hann í annarri umferð fyrir Norðmanni sem endaði í þriðja sæti í mótinu.

Sterkasti leikmaður deildarinnar er Daníel Reynisson, en hann keppti lítið á árinu. Hann náði frábærum árangri á Límtrésmótinu sem haldið var í KR en þar var hann hársbreidd frá því að komast í úrslitaleikinn. Tapaði með minnsta mun í oddalotu í undanúrslitum.

Þrí iðkendur deildarinnar voru valdir af landsliðþjálfara til að æfa með úrvalshópum BSÍ, Gunnar Trausti Eyjólfsson með úrvalshópi U15 og Atli Már Eyjólfsson og Jóhannes Orri Ólafsson með úrvalshópi U13.

Þjálfarar deildarinnar voru Daníel Reynisson, Óskar Bragason og Unnur Rán Reynisdóttir. Deildin hélt eitt opið ungingamót á árinu og þrjú fullorðinsmóts. Allir sterkstu badmintonspilarar landsins töku þátt í þeim og framkvæmd móttana gekk í alla staði vel fyrir sig. Mjög mikil og almenn þátttaka félagsmanna við framkvæmd móttana gerði það að verkum að framkvæmd móttana var alveg til fyrirmynadar. Stefnan er að fjölgu ungingamótum á næstu árum. Deildin stóð ekki fyrir neinum fjároflunum og var rekin af æfinga- og félagsgjöldum.





# Badmintondeild Skallagríms



## Ársskýrsla Skallagríms árið 2012

Stjórn

Formaður: Sigríður Bjarnadóttir

Ritari: Inga Dóra Halldórsdóttir

Gjaldkeri: Ebba Pálsdóttir

Þjálfari deildarinnar er Helgi Magnússon.

Starf deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Fjöldi iðkenda hefur heldur farið fækkandi. Æfingar hjá börnum og unglungum hafa verið á mánuðögum og föstudögum og er hópurinn um 30 iðkendur. Rekstur deildarinnar hefur verið ágætur og haldist réttu megin við núllið. Æfingagjöld dekka ekki nema 2,5 mánuð í þjálfarakostnað svo það þarf að halda vel á spöðunum í að ná endum saman.



Ekki hefur enn tekist að blása lífi í trimmarastarfið en það hefur haldið deildinni á floti mörg undanfarin ár og er því gríðarleg blóðtaka að missa það góða starf út úr deildinni. Ýmsar fjáraflanir voru í gangi á árinu, kökubasarar, hreinsunarstörf, firmakeppni o.fl. Firmakeppni var haldin og voru alls 47 lið skráð til keppni frá 41 fyrirtæki og tókst það mjög vel.

Framköllunarþjónustan var sigurvegari þetta árið og aldrei áður hafa svona mörg fyrirtæki stutt badmintondeildina í firmakeppnni. Þökkum við öllum fyrirtækjum fyrir stuðningurinn.

Ákveðinn kjarni hefur sótt fjölmörg mótt á árinu og hefur árangur þeirra verið með ágætum og helstu afrek hjá okkar fólk eru talin upp hér fyrir neðan.

### **Harpa Hilmisdóttir**

#### **Íslandsmót Unglinga 2011 – U13:**

2. sæti í einliðaleik.
2. sæti í tvenndarleik ásamt Alexander Erni Kárasyni ÍA.
3. – 4. sæti í tviliðaleik ásamt Dalrós Jóhannsdóttir ÍA.



**Reykjavíkurmót Unglinga 2011 – U13:**

2. sæti í tvíliðaleik ásamt Dalrós Jóhannsdóttur ÍA.

**Vetrarmót TBR 2011 – B-flokkur:**

5. – 8. sæti í einliðaleik.

3. – 4. sæti í tvíliðaleik ásamt Dalrós Jóhannsdóttur ÍA.

3. – 4. sæti í tvenndarleik ásamt Alexander Erni Kárasyni ÍA.

**TBR Opið 2011 – B-flokkur:**

1. sæti í einliðaleik.

**Unglingamót TBA 2011 – U15:**

2. sæti í einliðaleik.

**Unglingamót Aftureldingar 2011 – U15:**

2. sæti í einliðaleik.

5.-8. sæti í tvíliðaleik ásamt Línu Dóru Hannesdóttur TBR.

5.-8. sæti í tvenndarleik ásamt Steinari Braga Gunnarssyni ÍA.



**Jólamót Unglinga 2011 – U15:**

1. sæti í einliðaleik.

***Arnór Tumi Finnsson***

**Reykjavík International Games 2011 – U13:**

5. – 8. sæti í tvíliðaleik ásamt Helga Grétari Gunnarssyni ÍA.

**Unglingamót Aftureldingar 2011 – U17:**

1. sæti í tvíliðaleik ásamt Helga Grétari Gunnarssyni ÍA.

**Jólamót Unglinga 2011 – U17:**

1. sæti í einliðaleik í aukaflokki.

**TBR Opið 2011 – B-flokkur:**

3. – 4. sæti í tvíliðaleik ásamt Helga Grétari Gunnarssyni ÍA.

***Einar Gilbert Einarsson***

**Reykjavík International Games 2011 – U13:**

5. – 8. sæti í tvíliðaleik ásamt Elvari Má Sturlaugssyni ÍA.

**Íslandsmót Unglinga 2011 – U13:**

2. sæti í einliðaleik í aukaflokki.





Ársskýrsla BSÍ 2012

**Bjarni Guðmann Jónsson**

**Reykjavík International Games 2011 – U13:**

5. – 8. sæti í einliðaleik.

5. – 8. sæti í tvíliðaleik ásamt Þorgeiri Þorsteinssyni.

**Reykjavíkurmót Unglinga 2011 – U13:**

3.-4. sæti í einliðaleik.

**Vetrarmót TBR 2011 – U13:**

3.-4. sæti í einliðaleik.

**Jólamót Unglinga 2011 – U13:**

2. sæti í einliðaleik.



**Ingibjörg Rósa Jónsdóttir**

**Íslandsmót Unglinga 2011 – U11:**

2. sæti í einliðaleik.

**Jólamót Unglinga 2011 – U13:**

1. sæti í einliðaleik í aukaflokki.





# Badmintondeild Aftureldingar

Ársskýrsla 2011



## Stjórn og starfsmenn:

Ný stjórn tók við störfum í mars 2011. Þá lét Ingvar Stefánsson af embætti formanns og Stefán Alfreð Stefánsson tók við. Aðrir í stjórn eru Ólafur Thoroddsen gjaldkeri, Guðmundur Þór Pétursson ritari, Guðmundur Þorlákur Guðmundsson, Þorsteinn Bjarnason, Svanfríður Oddgeirsdóttir, Dagný Kristinsdóttir, Dagný Ágústsdóttir og Sesselja Kristjánsdóttir meðstjórnendur.

Á vorönn 2011 voru þjálfarar Badmintondeilda Aftureldingar Ragna Björg Ingólfssdóttir, Halldóra Jóhannsdóttir og Vignir Sigurðsson en á haustönn var Snjólaug Jóhannsdóttir ráðin sem aðalþjálfari og Jórunn Oddsdóttir sem aðstoðarþjálfari.

## Æfingar og iðkendur:

6-8 ára hópurinn æfir einu sinni í viku, 9-11 ára hópurinn æfir tvívar í viku, 12-16 ára hópurinn æfir þrisvar í viku og keppnishópurinn æfir fjórum sinnum í viku. Iðkendur hafa verið um 70 yfir árið.

## Starfsemin:

Ansi mikið gekk á árinu. Afturelding missti nánast alla tíma sem þeim hafi verið úthlutað í íþróttahúsini að Lágafelli en badmintondeildin hafði haft þar þó nokkra tíma. Mjög erfiðlega gekk að koma vetrarstarfinu í gang til að byrja með, einna helst vegna mikillar óvissu með úthlutun á nýjum tímum til Badmintondeildarinnar. Á sama tíma reyndist mjög erfitt að finna aðstoðarþjálfara til starfa á haustönn. Meðal annars voru fyrstu séræfingarnar hjá keppnishópnum mannaðar með foreldrum til að byrja með eða þar til að þjálfari fannst í starfið. Mikil fækkun hafði orðið í keppnishópnum þar sem stór hópur hans hafði annað hvort hætt þjálfun vegna náms eða vegna félagaskipta. Einnig tafði það fyrir starfinu að gamla heimasíðan hjá deildinni og Aftureldingu reyndist nánast ónothæf til fréttatflutnings á haustönn. Nú hefur verið tekin í gagnið ný og glæsileg heimasíða sem auðveldar allan fréttatflutning frá starfi deildarinnar. Að lokum fékk Badmintondeildin úthlutuðum nýjum tímum að Varmá og hefur starfið verið í stöðugri mótu síðan.

## Keppnis- og mótamál:

Iðkendur Badmintondeilda Aftureldingar voru hvattir til að taka þátt í sem flestum mótum á árinu. Þar hafa þeir staðið sig mjög vel og verið félagi sínu til sóma og unnið til fjölda verðlauna. Þeir Stefán Ás Ingvarsson og Guðmundur Águst Thoroddsen náðu þeim einstaka árangri á árinu verða Íslandsmeistarar í tvíliðaleik í U15 á Íslandsmóti Unglinga 2011. Í lok nóvember hélt Badmintondeild Aftureldingar unglingsmót U13-U19 en það móti hefur nú fest sig í sessi í mótaröð BSÍ. Mótið tókst mjög vel, fyrir utan nokkra



byrjunarerfiðleika, en það fer allt í reynslubankann fyrir næstu mótt. Á uppskeruhátíð Aftureldingar voru Guðmundur Ágúst Thoroddsen og Arna Karen Jóhannsdóttir valinn badmintonmaður og -kona ársins hjá deildinni. Eins og venjulega gaf badmintondeildin öllum nýjum iðkendum nýja spaða að gjöf eftir að æfingagjöld höfðu verið greidd. Snemma vetrar var farin æfingaferð á Laugarvatn sem tókst mjög vel. Þessar ferðir virka vel sem aðdráttarafl fyrir nýja iðkendur og er stefnan sett á að fara í tvær ferðir á hverju ári.

**Rekstur:**

Badmintondeild Aftureldingar er rekin af æfingagjöldum og rekstrarstyrkjum frá Mosfellsbæ. Æfingagjöld hafa haldist óbreytt í allmögum ár en allir rekstrarstyrkir á árinu hafa lækkað á milli ára en það hefur gert rekstur deildarinnar ansi takmarkaðan. Á árinu voru keyptar dýnur, boltar og talningarspjöld. Aðalútgjaldaliður deildarinnar eru fjaðurkúlukaup og fer sá útgjaldaliður vaxandi þar sem kúlur verða æ dýrari með gengi krónunnar en æfingagjöld hafa staðið í stað. Badmintondeild Aftureldingar var þó rekin með smá rekstrarrafgangi 2011 og er deildin skuldraus.



## Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur



### Þjálfun yngri barna og Miniton

Sú nýjung var sett af stað í vetur að vera með svo kallað Miniton sem er badminton fyrir 5-9 ára börn.

### Þjálfun eldri barna og unglings

Unglingastarfið í TBR er kröftugt og mikið af börnum og unglungum sem leggja leið sína í TBR í hverri viku.

### Skólasamstarf

TBR er í samstarfi við 10 skóla í Reykjavík. Börnum í 4. bekk í þessum grunnskólum er boðið að æfa frítt í eina önn og kynnað þannig badmintoníþróttinni betur.

### Byrjandanámskeið

Þó nokkur byrjandanámskeið voru í vetur og hefur Vignir Sigurðsson haft umsjón með þeim. Um er að ræða 6 vikna námskeið og kennt einu sinni í viku.

### TBR-Opið

TBR-Opið fór fram í október og voru gestir á mótinu þau Tinna Helgadóttir og Rasmus Mangor.

### Danmerkurferðir

Keppnishópar félagsins fóru í sínar árlegu Danmerkurferðir eins og undanfarin ár. Gist var í sumarhúsum og var að sögn þeirra sem fóru mjög gaman.

### Meistaramót TBR

TBR heldur Meistaramót sitt í janúar ár hvert. Magnús Ingi Helgason var á landinu eftir jólafrí og tók þátt í mótinu.


### Forvarnahópur

Ragna Ingólfssdóttir hefur haldið áfram starfi sínu með forvarnahópi félagsins. Ragna hittir krakkana öðru hvoru og fer í gegnum það hversu miklu máli heilbrigður lífsstíll skiptir ef ná á árangri.

### RIG – Unglingameistaramót TBR

Unglingameistaramót TBR hefur verið hluti af Reykjavík International Games undanfarin ár. Í ár kom stór hópur Færeyinga til keppni í öllum flokkum.

F.h. TBR,  
Helgi Jóhannesson



# Badmintonfélag Hafnarfjarðar

2011 – 2012

Eins og alltaf hefur veturninn verið viðburðaríkur hjá okkur BH-ingum.

Meira en 250 manns iðkuðu badminton í Íþróttahúsinu við Strandgötu í viku hverri líkt og síðasta vetur. Því miður eru æfingatímar þó svo takmarkaðir að ekki hefur verið mögulegt að auka fjölda iðkenda í veturn og biðlistar verið í marga hópa. Hér verður stiklað á stóru í starfsemi félagsins tímabilið 2011-2012.

## Sumarið 2011

Tímabilinu 2010-2011 lauk í lok maí eins og hefð er fyrir hjá félagini. Þá var góðum vetri fagnað með innanfélagsmóti og sumarhátíð fyrir börn og unglings í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Líf og fjör var á sumarhátíðinni að venju þar sem meðal annars var farið í brennó, bandý og tarsanleik. Í lokin settust svo þjálfarar hvers hóps niður með sínu fólk og ræddu hvað hefði verið skemmtilegast í veturn og hvað væri gaman að gera meira af næst. Árlegt badmintonmaraþon er alltaf ofarlega á vinsældarlistanum hjá krökkunum.

Æfingar keppnishópa félagsins hófust í byrjun júlí með fjallaferðum, útihlauti, hjólaferðum og badmintonæfingum. Eftir því sem nær dró ágúst var meiri áhersla lögð á badmintonið. Árleg 50 km hjólaferð í kringum höfuðborgarsvæðið er orðin fastur liður í sumaræfingaráætlun félagsins en nýjungin í ár voru Kópavogströppuhlaup sem heppnuðust ansi vel. Æfingar voru 2-3 sinnum í viku á sumartímabilinu. Hefðbundnar vetraræfingar hjá öllum aldurshópum hófust síðan 1. september.

Tíu leikmenn úr keppnishóp unglings fór í æfingabúðir á dönsku eyjunni Bornholm í lok júlí. Fararstjóri í ferðinni var Sólveig Ósk Jónsdóttir. Krakkarnir söfnuðu fyrir ferðinni um sumarið meðal annars með því að selja Ullmax íþrótt og útvistarvörur og safna styrkjum frá fyrirtækjum.

Söfnunin gekk vel og náðu margir að greiða niður stærstan hluta kostnaðar með henni. Æfingabúðirnar voru mjög vel heppnaðar og fengu krakkarnir bæði góða leiki gegn nýjum andstæðingum og skemmtilegar æfingar.

Hluti af keppnishóp Badmintonfélags

Hafnarfjarðar var við æfingar og keppni í Svíþjóð 15.-19. september. Æft var hjá Sollentuna Badmintonklub og tekið þátt í móti á vegum félagsins sem heitir Viking Cup. Ferðin vel heppnuð og komu tveir Hafnfirðingar heim með verðlaun en það voru þeir Kristinn Ingi Guðjónsson





og Ólafur Örn Guðmundsson sem unnu til silfurverðlauna í tvíliðaleik. Þeir Kristinn Ingi og Ólafur Örn tóku þátt í sænska B-flokknum sem svipar nokkuð til íslenska A-floksins sem þeir félagar spila jafnan í hér heima. Ólafur Örn sigraði í sínum riðli í einliðaleik og einnig í fyrsta leik sínum í útsláttarkeppninni en varð að játa sig sigraðan í 8-manna úrslitum. Í tvíliðaleiknum stóðu þeir Kristinn og Ólafur sig sérstaklega vel en þeir komust í úrslit og unnu meðal annars á leið sinni þangað það lið sem fyrirfram var talið sterkest á mótinu. Úrslitaleikurinn var jafn og spennandi en endaði með naumum ósigri okkar manna. Aðrir leikmenn unnu ekki til verðlauna en áttu engu að síður góða leiki og fengu mikið útúr ferðinni.

Tveir leikmenn BH voru valdir í ungingalandslíðsferðir sumarið 2011. Brynjar Geir Sigurðsson var valinn í U17 liðið sem fór í Evrópuskólann í Madrid á Spáni og Róbért Ingi Huldarsson var valinn í U15 liðið sem tók þátt í æfingum og móti í Grænlandi.

Það er því óhætt að segja að sumarið hafi verið viðburðaríkt hjá okkar fólk og margt skemmtilegt á dagskránni.

### Æfingahópar

Iðkendur BH æfa badminton í átta æfingahópum auk þess sem hópur fullorðinna einstaklinga leigir staka velli. Fyrirkomulagi æfingahópa í veturnar var með svipuðum hætti og veturninn á undan en þá voru gerðar miklar breytingar sem heppnuðust vel og því halddið áfram á þeirri braut. Breytingarnar fólu aðallega í sér að settur var einn umsjónarþjálfari á hvern æfingahóp til að skapa betri tengsl við leikmenn og tryggja betri samfelli í æfingunum.



Yngstu iðkendurnir eru í svokölluðum Íþróttaskóla BH en hann er fyrir 3-5 ára börn. Þessir litlu snillingar eru ótrúlega duglegir. Þau geta gefið upp, spilað á milli með



blöðrum og badmintonkúlum og eru einstaklega fim og flott í ýmsum þrautum og leikjum. 6-8 ára hópurinn samanstendur að mestu leiti af krökkum sem byrjuðu hjá okkur 3-5 ára í Íþróttaskóla BH. Þau eru því orðin mjög dugleg að spila og þurfa ekki lengur að hafa foreldra með sér í hverjum tíma þó þeir séu reglulega boðaðir í heimsókn og til aðstoðar. Hópur 9-11 ára barna er alltaf fjölmennur og flottur hópur. Margir byrja að æfa hjá okkur á þessum aldri og eru því gjarnan að stíga sín fyrstu skref í íþróttinni. Inn á milli eru þó krakkar sem hafa æft í 1-2 ár og eru mörg þeirra duglega að taka þátt í móturnum. Einn fjölmennasti æfingahópur félagsins er 12-16 ára hópurinn okkar en á æfingar hjá þeim mæta ósjaldan yfir 30 unglings. Flestir í þessum hóp hafa ekki mikinn áhuga á að taka þátt í móturnum en elska að spila badminton í góðum félagsskap og taka vel á því 2-3 í viku. Keppnishópur unglings er eins og nafnið gefur til kynna hópur unglings sem æfir með það markmið fyrir augum að taka þátt í móturnum. Hópurinn æfir fjórum sinnum í viku og tekur þátt í flestum móturnum sem í boði eru yfir veturinn. Nokkrir leikmenn í hópnum hafa komist í landsliðshópa BSÍ.

Keppnishópur fullorðinna er skemmtileg blanda af yngri og eldri leikmönnum sem eru miklir keppnismenn. Hópurinn æfir þrisvar sinnum í viku og þar af er einn æfingatími undirlagður undir svokallaða fimmtudagskeppni sem fyrir utanaðkomandi gæti minnt á heimsmeistaramót svo mikil er ákefðin í að vinna sig upp stigalistann. Allir leikmenn í þessum hóp taka þátt í móturnum yfir veturinn og nokkrir í nær öllum þeim móturnum sem í boði eru.

BH-naglarnir er hópur fullorðinna einstaklinga sem æft hefur um nokkurra ára skeið hjá féluginu og tekur alltaf þátt í Deildakeppni BSÍ saman og einstaka trimm móturnum. Flottur hópur sem alltaf er að bæta sig. Trimmhópur BH er hópur einstaklinga úr ýmsum áttum sem í vetur æfði undir handleiðslu Önnu Óskar þjálfara. Sumir koma einir, aðrir með félaga og eru þátttakendur á ýmsum aldri. Margir iðkendur í þessum hópi eiga börn í féluginu og hafa erft badmintonáhugann frá þeim. Hluti af þessum hóp tók í fyrsta sinn þátt í Deildakeppni BSÍ í vetur og hafa einnig verið dugleg að taka þátt í trimmmótum á vegum TBR.





### Þjálfarar

Hjá félagini störfuðu 13 þjálfarar í veturnar en þau voru Andri Stefánsson (keppnishópur fullorðinna), Anna Ósk Óskarsdóttir (fullorðinshópur), Anna Lilja Sigurðardóttir (yfirþjálfari), Arnar Bill Gunnarsson (íþróttaskóli), Frímann Ari Ferdinandsson (keppnishópur fullorðinna), Heiðar B. Sigurjónsson (12-16 ára), Hulda Jónasdóttir (börn og unglings), Irena



Ásdís Óskarsdóttir (6-8 ára og íþróttaskóli), Kjartan Ágúst Valsson (keppnishópur unglings), Kristinn Ingi Guðjónsson (börn og unglings), Ólafur Örn Guðmundsson (börn og unglings), Sigrún María Valsdóttir (9-11 ára), og Tómas Björn Guðmundsson (börn og unglings). Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur mikla áherslu á að hjá félagini starfi menntaðir badmintonþjálfarar. Félagið sendi sex þjálfara á námskeið á vegum Morten Bjergen í janúar en allir þjálfarar hafa auk þess lokið a.m.k fyrsta stigi þjálfaramenntunar BSÍ (60 kennslutímar). Þá bauð BSÍ Ólafi Erni Guðmundssyni að taka þátt í þjálfaranámskeiðinu Evrópuskólanum í Madrid á Spáni í sumar. Ólafur Örn læroði mikið á námskeiðinu og var ánægður með dvölinu á Spáni. Kunnum við Badmintonsambandinu bestu þakkir fyrir að gefa honum tækifæri til að taka þátt.

### Mótahald

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur mikið upp úr því að standa sem best að móta haldi og er það eitt af markmiðum stjórnar að skapa ætíð sem besta umgjörð í kringum móta hald félagsins. Í veturnar voru þrjú móti á dagskránni; Unglingamót BH, Meistaramót BH og Snillingamót BH.

Í nóvember fór Unglingamót BH fram í Íþróttahúsini við Strandgötu. Sautján lið frá fjórum félögum töku þátt í mótinu sem er nokkuð færri en undanfarin ár þegar um 20 lið hafa tekið þátt. Mótið gekk engu að síður vel fyrir sig og fór fram samkvæmt áætlun bæði laugardag og sunnudag. Sameiginlegt lið í A og UMSB sigraði í U13 og U17-U19 aldursflokkunum en lið frá TBR í bæði U15A og U15B flokkunum. Við BH-ingar erum mjög ánægð með mótið og teljum það kærkomna tilbreytingu í annars einsleitt móta hald fyrir unglings. Við erum hinsvegar mjög svekkt yfir lélegri þátttöku í mótinu frá upphafi og íhugum að fella það niður á næsta ári.

Meistaramót BH fór fram í Íþróttahúsini við Strandgötu í mars. Mótið tókst mjög vel enda lögðust margir BH-ingar á eitt um að gera umgjörðina eins glæsilega og mögulegt var. Leikið var á keppnismottum félagsins og öllu tjaldað til. Á mótinu keppti flest af besta badmintonfólki landsins en það er hluti af Varðarmótaröð Badmintonsambands Íslands og gefur stig á styrkleikalista sambandsins.



Þau Atli Jóhannesson og Snjólaug Jóhannsdóttir voru sigursælust á mótinu en þau sigruðu bæði þrefalt í meistaraflokk Þ.e. í einliða-, tvíliða- og tvenndarleik. BH-ingum gekk vel á heimavellinum í Strandgötunni og náðu sex þeirra að vinna til verðlauna auk þess sem fjölmargir komust í undanúrslit. Kristján Danielsson og Ármann Steinar Gunnarsson sigruðu í tvíliðaleik í A-flokki en Kristján sigraði einnig í tvenndarleik í sama flokki ásamt Önnu Lilju Sigurðardóttur. Þá sigruðu þær Hulda Jónasdóttir og Anna Ósk Óskarsdóttir í tvíliðaleik í B-flokki en Anna Ósk varð einnig í öðru sæti í tvenndarleik í B-flokknum ásamt Brynjari.



Geir Sigurðssyni. Brynjari vann einnig til silfurverðlauna í einliðaleik. Fjölmög fyrirtæki studdu vel við mótið og sendum við þeim bestu þakkar. Samsungsetrið lánaði 55" sjónvarpsskjá þar sem keppendur og áhorfendur gátu fylgst með hvað væru næstu leikir mótsins auk þess sem þar voru reglulega settar inn myndir frá keppni helgarinnar. Arctic Rafting, Borgun, Bræðurnir Ormsson ehf, Domino's, Hilton Reykjavík Nordica, IceCom ehf, Perform.is, Reykjavíkurmarathon, Scanco og Ullmax gáfu glæsileg verðlaun til sigurvegara mótsins. Badmintonfélag Hafnarfjarðar þakkar dómurum, teljurum, keppendum, áhorfendum og öðrum sem voru þátttakendur í mótinu kærlega fyrir skemmtilega helgi.

Snillingamót BH fer fram í lok apríl í Strandgötunni. Mótið verður með svolítið öðru sniði en þekkist í eldri flokkum því spilað verður á stytti völlum og með lækkuðu neti. Lengdin á völlum miðast við næst öftustu línu en að öðru leiti eru notaðar sömu línum og í venjulegum einliðaleik. Netið verður lækkað um u.p.b. 30 cm. Hver leikur er ein lota í 21 stig og fær hver leikmaður a.m.k. 3 leiki. Spilað verður með plastboltum. Til leiks geta skráð sig krakkar í aldursflokknum U9 og U11. Aldrei áður hefur verið keppt í U9 flokknum á Íslandi svo við þekkjum til en það þekkist víða erlendis. Við erum því spennt að sjá hvernig til tekst með þessa frumraun okkar.

BH-ingar tóku þátt í flest öllum mótum sem voru á mótaskrá BSÍ þennan veturninn. Fjölmög verðlaun komu í hlut okkar fólks og nokkrir Íslandsmeistararatitlar. Sérstaklega ánægð vorum við með fjölda BH-liða í Deildakeppni BSÍ en þau voru sjö talsins og hafa aldrei verið fleiri. Þá var árangur okkar fólks í mótinu líka einstaklega góður, Íslandsmeistararatill í bæði A- og B-deild.



## Viðburðir

Mikið af þeim börnum og unglungum sem iðka badminton hjá okkur í BH hafa ekki mikinn áhuga á þáttöku í opnum mótum. Til að ná betur til þessara einstaklinga og halda þeim inni í starfinu leggjum við mikla áherslu á að bjóða reglulega uppá viðburði þar sem lítil áhersla er á keppni en meiri á félagslega þáttinn. Í veturn hafa verið í boði viðburðir eins og fjölskyldutímar, fjölskyldumót, innanfélagsmót á léttum nótum og badmintonmarathon.

## Afreksfólk

BH-ingar búa svo vel að eiga glæsilegan hóp af afreksfólki og upprennandi afreksfólki. Við reynum að halda vel utan um þessa einstaklinga og erum t.d. með sérstakar afreksæfingar fyrir leikmenn okkar í meistaraflokki og landsliðum þar sem unnið er með einstaklingsbundin verkefni.

Við erum þakklát fyrir það hversu margir af okkar leikmönnum hafa fengið tækifæri til að æfa og keppa með landsliðshópum Íslands og vonum að sjálfsögðu að fleiri bætist við næsta veturn. Sérstaklega erum við ánægð með úrvalsæfingar U13 og U15 því við finnum að þær æfingar hafa gefið okkar fólkki aukin kraft í æfingum og ýtt undir áhugann.

Einn BH-ingur var valin í landslið í veturn en það var Ólafur Örn Guðmundsson sem var valinn í U19 liðið og erum við mjög stolt af honum.

## Virkir BH-ingar

BH-ingar hafa verið sérstaklega virki í stjórnar og nefndarstörfum fyrir Badmintonsambandið í veturn. Kristján Daníelsson var kosinn formaður Badmintonsambandsins síðastliðið vor og var þá orðið ansi langt síðan BH-ingur var kosinn í stjórn sambandsins. Í Fræðslunefnd BSÍ sitja tveir BH-ingar þau Anna Lilja Sigurðardóttir og Frímann Ari Ferdinandsson en Anna Lilja situr einnig í Mótanefnd BSÍ og Frímann Ari í Landsliðsnefnd BSÍ. Þá eru endurskoðendur BSÍ einnig BH-ingar en það eru þeir Hörður Þorsteinsson og Frímann Ari. Allt þetta fólk situr einnig í stjórn BH ásamt fleiru góðu fólk sem heldur félaginu okkar uppi auk frábærs hóps þjálfara og áhugasamra iðkenda.

## Reksturinn

Badmintonfélag Hafnarfjarðar er skuldraust félag og í samræmi við kröfur gagnvart fyrirmyn darfélögum ÍSÍ er lögð mikil áhersla á að allir þjálfarar félagsins séu launþegar félagsins. Rekstur félagsins er í járnum en með mikilli sjálfboðaliðsvinnu og styrkjum frá Hafnarfjarðarbæ auk iðkendagjalda, hefur tekist að reka félagið með hagnaði. Örlítið hefur komið inn af styrkjum frá fyrirtækjum en það hefur þó mest verið í formi verðlauna í tengslum við mótið eða aðstoð við kaup á búningum en ekki í peningaformi. Þó að reksturinn sé á réttu róli hefur róðurinn verið nokkuð erfiður undanfarin ár vegna niðurskurðar á styrkjum frá Hafnarfjarðarbæ ásamt niðurskurði á tímaúthlutunum til félaganna. Eins og staðan er í dag er það fjöldi tíma í íþróttahúsum sem hamrar stækkun félagsins því biðlisti hefur verið í flesta hópa í veturn. Við erum þó bjartsýn á framtíðina og vonum að fljótlega fáum við þá ósk okkar uppfyllta að taka yfir rekstur íþróttahússins



Ársskýrsla BSÍ 2012

Við Strandgötu sem gæti orðið til þess að félagið okkar stækkaði og dafnaði enn betur en það gerir í dag.

Við sendum stjórn og starfsfólki Badmintonbandsins bestu þakkir fyrir ágætt samstarf í veturn sem og öllum badmintonfélögum á landinu. Sérstakar þakkir sendum við til dómara og annarra sjálfboðaliða sem héldu utan um mótaðaldið þetta tímabilið.

Hittumst hress í haust!

Badmintonkveðja, f.h. stjórnar BH

Anna Lilja Sigurðardóttir, ritari og Hörður Þorsteinsson, formaður





## Keflavík ungmenna- og íþróttafélag

### Skýrsla stjórnar Badmintondeildar Keflavíkur árið 2011

Þann 29. janúar 2011 var haldinn aðalfundur. Mættir, fyrir utan stjórn, voru Einar Haraldsson og Sveinn Adolfsson. Formaður setti fundinn og eftir venjuleg fundarstörf fóru fram kosningar. Þar sem sitjandi stjórn gaf kost á sér áfram og engin mótframboð komu fram var fráfarandi stjórn sjálfkjörin. Á aðalfundi Keflavíkur fékk Ásdís Júlíusdóttir bronsmerki fyrir 5 ára setu í stjórn Badmintondeildarinnar.

Það sem eftir lifði vetrar og fram að vori urðu ekki neinar veigamiklar breytingar. Þjálfarnir Karen Guðnadóttir og Margrét Kjartansdóttir ásamt stuðningi frá Stefáni Má Jónassyni, stóðu sig vel í því að halda deildinni gangandi. Fáir iðkendur og fáir æfingatímar gerðu þeim ekki auðvelt fyrir. Einnig var mikill aldursmunur iðkenda sem auðveldaði þeim ekki starfið. Kann því stjórnin þeim þakkir fyrir sitt starf og að hafa heldið hópnum saman með jákvæðni og skemmtilegum æfingum.

Í byrjun mars var Íslandsmót Unglinga haldið á Siglufirði og þótti stjórninni of dýrt að fara með krakkana norður. Segja má að eftir Íslandsmótið sé tímabil keppanda í B og C lokið. Til þess að bæta iðkendum deildarinnar mótaleysið, var haft samband við Badmintondeildina á Þorlákshöfn. Eftir símtalið var ákveðið að fara með krakkana til Þorlákshafnar á æfingamót. Þar hittu krakkarnir jafnaldra sína. Eftir keppnina var öllum boðið í ókeypis sund. Eftir sundið bauð deildin öllum í pizzuveislu, saddir og glaðir héldu krakkarnir heim. Vill Badmintondeildin þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við að gera þennan dag sem ánægjulegastan. Fyrir páskan var deildin með furðufatadag, þar töku krakkarnir þátt í ýmsum leikjum. Um páskana fór deildin í frí á sama tíma og skólarnir.

Síðustu æfingar deildarinnar voru um miðjan maí. Í framhaldi af síðustu æfingunni var haldin uppskeruhátíð þar sem Ísabella Kjartansdóttir fékk viðurkenningu fyrir bestu mætingu í yngri hópnum og Pétur Árnason viðurkenningu fyrir bestu mætingu í þeim eldri. Þau fengu einnig viðurkenningu sem bestu spilarnir. Viðurkenningu fyrir mestu framfarir fengu þeir Jón Stefán Andersen og Alexander Hauksson. Síðustu ár hefur Lagnabjónusta Jónasar gefið viðurkenningar og gerði það einnig þetta árið.

Í byrjun september hófust æfingar aftur og var farið með auglýsingar til allra nemanda 4. bekkjar í grunnskólam Reykjanessbæjar. Var þeim boðið að koma á 2 æfingar. Um miðjan september urðu breytingar á æfingatínum þar sem Badminton- og Körfuknattleiksdeildirnar skiptu með sér æfingastað; Badmintondeildin fór í B-sal á Sunnubraut og Körfuknattleiksdeildin fór upp í Heiðarskóla. Fóru þessar skiptingar fram í fullu samráði við Hafstein Ingibergsson, forstöðumann íþróttamannvirkja.



Í lok október var hið árlega Byrjendamót Keflavíkur í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Þetta mótt hefur ávallt verið vel sótt en að þessu sinni var það frekar fámennt. Vegna sparnaðar eru stóru félögin hætt að senda yngri hópana á mótt, láta sér nægja að halda mótt í sinni heimabyggð. Mótið gekk mjög vel og unnu nokkrir iðkendur Keflavíkur til verðlauna.

Deildin hafði í gegnum tíðina fengið styrk frá Sparisjóðnum í Keflavík og sótti þess vegna um 150.000 kr. styrk til Landsbankans, en fékk 35.000 kr. (Greiðslan hefur ekki borist til deildarinnar). Það er spurning hvort deildin getur haldið þetta mótt í framtíðinni ef ekki fást betri styrkir. Verðlaunin á mótinu voru styrkt af Dagbjörtu Ýr Gylfadóttur og Kristjáni Þór Karlssyni og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir.

Um miðjan desember fór Ýr á formannafund hjá BSÍ þar sem farið var yfir nýjar mótareglur fyrir badminton á Íslandi.

Fyrir jólafrí var hið árlega fjölskyldumót deildarinnar, sem fer þannig fram að iðkandi og forráðamaður keppa við annan iðkenda og forráðamann hans. Að loknu móti eru haldin litlu pakkajólin og boðið upp á veitingar.

Deildin óskar öllum þeim sem fengu verðlaun og viðurkenningar á árinu 2011 innilega til hamingju.

Fyrir hönd stjórnar Badmintondeildar Keflavíkur,  
Jónas Þorsteinsson



Ársskýrsla BSÍ 2012



# Badmintonfélag Akraness

## Ársskýrsla

**31. mars 2011 – 29. mars 2012**

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 30. mars 2011. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Ein breyting varð á stjórn félagsins frá fyrra ári. Einar Maríasson meðstjórnandi gaf ekki kost á sér og í hans stað kom nafni hans Einar O. Einarsson. Aðrir stjórnarmeðlimir sem sátu áfram voru Svanborg Þórdís Frostadóttir formaður, Irena Rut Jónsdóttir ritari, Kristín Halldórsdóttir gjaldkeri og Anna Kristjánsdóttir meðstjórnandi.

Fjöldi iðkenda undanfarin ár hefur verið nokkuð svipaður og voru tæplega 100 talsins sem skiptust í 4 flokka auk trimmara.



Atlamótið – Ragnar og Karítas spila og Laufey er dómari.

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þremur opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í októberþyrjun 2011 þar sem keppt var í meistara-, A- og B-flokki fullorðinna. Grislingamótið í janúar 2012 og Landsbankamót íA, ungingamót í febrúar 2012. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og árangur keppenda góður.

Félagið hefur átt miklu láni að fagna undanfarin ár í þjálfaramálum og var engin breyting á því í ár. Aðalþjálfari 1. flokks var Broddi Kristjánsson. Aðalþjálfari 2., 3. og 4. flokks var Helgi Magnússon og aðstoðarþjálfarar Írena Jónsdóttir, Egill G. Guðlaugsson, Karitas Eva Jónsdóttir og Birgitta Ásgeirsdóttir.



Atlamót. Helgi Grétar ÍA með gull og Vignir Haraldsson TBR með silfur.



Grislingamótið – glaðir keppendur.



Eftir vel heppnað Grislingamót þar sem elstu krakkarnir voru mjög dugleg að hjálpa til.

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unginga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum.



Verðlaunahafar á Grislingamóti.

Mikil sátt ríkir um það þó iðkendur vilji aðeins æfa en sleppa keppnum og opnir æfingatímar á sunnudögum hafa verið mjög vel nýttir og ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.



Ein af upprennandi stjörnum ÍA - María Rún.

Um þáskana 2011 fór tæplega 20 manna hópur úr 1. flokki í 6 daga keppnisferð til Danmerkur á ISCA móti. Þar voru keppendur bæði frá Norðurlöndum sem og nokkrum öðrum Evrópulöndum. Félagið vill sérstaklega koma á framfæri þakklæti til bæjarbúa fyrir góðan stuðning vegna þessarar ferðar.

Stærsta badmintonmót ársins, Íslandsmót unglings, var haldið í Mosfellsbæ 2.-4. mars sl. ÍA keppendur stóðu sig öll mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Við eignuðumst 3 Íslandsmeistara og fengum 5 silfur. Íslandsmeistarar félagsins eru:

Úlfheiður Embla Ásgeirs dóttir sem vann gull í einliðaleik U13.

Harpa Kristný Sturlaugsdóttir vann gull í tvenndarleik U13 og Andri Snær Axelsson sem vann bæði gull í tvenndarleik U13 og einliðaleik U11.

Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 30. mars - 1. apríl n.k. en þar munu allir elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta móti ársins er Akranesmeistaramótið 13. maí, sem lýkur svo með lokahófi félagsins að vanda.

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins. Í A-landsliðshópnum eru Una Harðardóttir, Ragnar Harðarson og Egill Guðlaugsson, en hann tók þátt í Evrópumóti landsliða karla og kvenna. Í U19 og U17 landsliðshóp er Steinn Þorkelsson, Snorri Kristleifsson, Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Halldór Axel Axelsson, Helgi Grétar Gunnarsson, Daníel Þór Heimisson. Í U13 og U15 æfingaúrtakshóp eru Andri Snær Axelsson, Alexander Örn Kárason, Steinar Bragi Gunnarsson, Matthías Finnur Vignisson, Davíð Örn Harðarson, Árni Teitur Þrástason, Elvar Már Sturlaugsson, Úlfheiður Embla Ásgeirs dóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir og Dalrós Sara Jóhannsdóttir.



Sameiginlegar æfingabúðir Færeys, Grænlands og Íslands voru haldnar í Illuisat í Grænlandi í vikutíma í ágúst og þar átti félagið þrjá fulltrúa sem valdir voru til þátttöku af landsliðsbjálfsara. Þetta voru þau Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Andri Snær Axelsson og Helgi Grétar Gunnarsson. Ennfremur bauðst bjálfsara hópsins Irenu Rut Jónsdóttur að fara á bjálfaranámskeið en komst hún því miður ekki með vegna meiðsla.

Á árinu var farið út í að endurnýja æfingafatnað iðkenda. Tekin var ákvörðun í þetta sinn að hvíla aðeins gula litinn. Á meðfylgjandi mynd má sjá iðkendur í fullum skrúða



Harpa Kristný og Andri Snær nýkrýndir Íslandsmeistarar

Badmintonfélagið varð 35 ára í nóvember sl. og í tilefni af afmælisári fóru eldri iðkendur í æfingarbúðir yfir helgi til Reykjavíkur en yngri hópurinn skemmti sér á heimslóðum í sundlaugarpartí í Bjarnalaug. Allir iðkendur fengu líka jólagjöf frá félagini í tilefni afmælisins.

Almennur rekstur félagsins var rekinn með tapi í ár en nokkuð af því skýrist af því, að lagt var í nokkurn kostnað vegna 35 ára afmælisárs félagsins. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir eldhús- og salernispappírssala og dagatal. Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjároflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár. Félagið þakkar kærlega fyrir stuðning Landsbanka Íslands á Akranesi, Akraneskaupstaðar og ÍA sem er féluginu mjög mikilvægur.



# Tennis- og badmintonfélag Akureyrar



Ársskýrsla TBA  
Starfsárið 2011

Starfsár TBA 2011 var gott ár fyrir félagið á ýmsan hátt, en ýmislegt hefði líka mátt fara betur og mikill tími fór í að vinna að bættri aðstöðu fyrir badmintoníþróttina á Akureyri.

Árið 2011 tókst að fjlöga virkum iðkendum. Þrátt fyrir að ýmsir erfiðleikar hafi steðjað að starfinu, sjáum við að vaxandi hópur leggur rækt við badmintonþróttina, mætir í þjálfun og keppir á mónum. Þjálfunin haustið 2011 gekk vel, en ýmislegt tók samt á. Tímarnir hafa enn ekki verið að nýtast nægilega vel og þess vegna hefur þurft að breyta æfingatöflunni nokkrum sinnum. Tilraun félagsins með badmintonskólann fyrir 3-5 ára hefur ekki fengið eins mikla þáttöku og þjálfari og stjórn vonuðust til. Fyrstu krakkarnir sem „ólust upp“ í þessum skóla eru samt að skila sér inn í keppnishóp yngstu krakkanna.

Kristján Pétur Hilmarsson yfirþjálfari hefur haft í mörgu að snúast í öðru en þjálfuninni hjá okkur og tekið á sig ýmis konar verkefni, s.s. heimasíðu félagsins. Sonja Magnúsdóttir hefur þjálfað yngstu badmintoniðkendurna og leyst yfirþjálfarann af þegar þess þurfti. Foreldrafélagið sem stofnað var á haustdögum 2011, hefur að mestu tekið að sér skipulag keppnisferða og undirbúnning móta ásamt því að aðstoða stjórn og þjálfara með ýmis verkefni. Haustið 2011 lagði stjórnin talsverða vinnu í að finna, kaupa merkja íþróttaföt fyrir iðkendur. Enn vantar þó upp á að allir iðkendur hafi merkt fót í litum félagsins.

Iðkendur hafa staðið sig vel á mónum vetrarins. Nokkuð færri keppnisferðir voru farnar síðastliðið ár en árið á undan. Hefðbundið haustmót á Siglufirði féll niður, vegna hörmulegs dauðsfalls eins af iðkendum þar. Ivalu Birna Falck-Petersen heldur áfram æfingum með landsliðshópnum og var tilnefnd til samkeppninnar um íþróttamann ársins á Akureyri og uppskar félagið lítillsháttar fjárstuðning vegna þáttöku hennar í æfingum landsliðsins.

Haldinn var foreldradagur þar sem iðkendur og foreldrar, afar og ömmur og systkini kepptu saman. Dagurinn tókst afar vel og stefnt er að því að halda fjölskyldudaga árlega.

Árið 2011 var starfið nánast alfarið í íþróttahúsi Glerárskóla. Húsið hefur alls ekki verið góður kostur til badmintoniðkunar og hefur TBA unnið að bættri aðstöðu með því að hafa samband við bæjaryfirvöld en lítið sem ekkert hefur þokast til betri vegar. Margt er óbreytt og bæði net og súlur eru afleitar, litur á veggjum hefur ekki hentað og dúkur á gólfí of mjúkur og háll. Haustið 2011 kom í ljós að svigrúmið til að fjlöga þáttakendum var ekki til staðar lengur, því salurinn og tímarnir buðu ekki upp á það.



Fjárhagsáætlunin fyrir 2011 gekk nokkuð vel upp. Félagið hafði meiri tekjur af mótum en á árinu 2010 og einnig gekk betur að afla styrkja frá fyrirtækjum. Aftur 2011 fékk TBA 300 þúsund krónur frá Samherjasjóðnum. Nauðsynlegt var að hækka æfingagjöldin lítilsháttar haustið 2011 vegna aukins kostnaðar, en hækkunin var þó hvergi nærrí í samræmi við verðbólgu. Ársreikningur sýnir að félagið á um 400 þúsund krónur meira í sjóði eftir starfsárið 2011 en eftir árið 2010.

Stjórn TBA fundaði tvisvar með Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA) á árinu 2011 til að koma málefnum sínum á framfæri varðandi bætta æfinga- og félagsaðstöðu. Í annað skiptið var það Íþróttaráð Akureyrar (ÍRA) sem bauð til fundarins. Umræðuefnið var aðstöðuvandinn í Íþróttahúsi Glerárskóla og niðurskurður á æfingatíma félagsins. Lítið náðist af breytingum í þeim efnum á árinu 2011. Stjórnin óskaði eftir því við ÍRA að við frágang íþróttahússins við Naustaskóla yrði badmintoníþróttin höfð í fyrirrúmi og sér félagið fram á að það leysi að minnsta kosti vandamálið með æfingaraðstöðu en þar verður ekki heldur hægt að vinna að fjölgun iðkenda nema tímarnir aukist til muna.

Á haustdögum 2011 barst stjórn TBA erindi frá stjórn Knattspyrnufélags Akureyrar (KA), þar sem leitað var eftir því hvort TBA hefði áhuga á að gerast deild innan KA. Stjórn TBA fundaði með stjórn KA til að ræða þessa hugmynd og hvað hún hefði í för með sér. Ákveðið var að ræða þetta mál nánar við framkvæmdastjóra og stjórn KA strax í byrjun árs 2012 og taka málið til atkvæðagreiðslu á aðalfundi félagsins 2012, þannig að væntanlegar breytingar á starfsemi félagsins kæmu þá til framkvæmda haustið 2012.

Mikilvægt er að standa vel að starfi félagsins, ef takast á að gera badminton að raunhæfum valkosti fyrir þau mörgu börn og unglingsum sem til dæmis hafa ekki áhuga á hóp- og boltaíþróttunum. Þáttur í þessu er að kynna badmintoníþróttina í grunnskólunum og að koma upp vettvangi þar sem krakkarnir hafa möguleika á að fylgjast með framúrskarandi íþróttamönnum innan íþróttarinnar. Einnig er afar mikilvægt að bæta aðstöðu félagsins þannig að hægt sé að taka á móti fleiri iðkendum.

Fyrir hönd stjórnar,  
Kristján M. Magnússon,  
formaður



Foreldrabadmintondagur 2011



## Skýrsla fræðslunefndar 2011 – 2012

Í Fræðslunefnd Badmintonsambands Íslands veturinn 2011-2012 sátu þau Anna Lilja Sigurðardóttir, Frímann Ari Ferdinandsson og Þorsteinn Páll Hængsson. Skipan nefndarinnar hefur verið óbreytt í fjögur tímabil. Fræðslunefnd hittist tvisvar í vetur. Í þessari stuttu skýrslu verður farið yfir fræðsluverkefni vetrarins.

Helgina 13.-15. janúar 2012 fór fram þjálfaranámskeið í badminton þar sem kennari var Daninn Morten Bjergen. Námskeiðið var sérstaklega vel sótt en 27 þjálfarar frá níu félögum voru skráðir til þátttöku sem er líklega algert met í skráningu á badmintonþjálfaranámskeið hérlendis. Morten kynnti þjálfurunum meðal annars spennandi þjálfunarkerfi fyrir 6-9 ára byrjendur í badminton sem kallast Miniton og fór í gegnum mikilvægustu atríðin sem þjálfa þarf hjá hverjum aldurshópi unglings. Þá kynnti hann þjálfurum einnig notendavænan vef sem heitir bestoncourt.com og hefur að geyma fjöldann allan af videomyndum af æfingum fyrir badminton. Leikmenn í landsliðshópum Badmintonsambandsins voru þjálfurum til aðstoðar á námskeiðinu og prófuðu allar æfingar sem kynntar voru. Leikmennirnir lögðu sig alla fram og stóðu sig frábærlega. Bæði leikmenn og þjálfarar voru mjög ánægð með helgina og fóru heim með fullt af nýjum hugmyndum til að vinna með á sínum æfingum.



*Morten Bjergen og íslensku þjálfararnir sem tóku þátt í námskeiðinu 13.-15. janúar*

Eftir námskeiðið lagði Fræðslunefnd til að Badmintonsambandið myndi kaupa aðgang að þjálfaravefnum bestoncourt.com fyrir þau félög sem sendu þjálfara á þjálfaranámskeiðið með Morten Bjergen. Um er að ræða frábært hjálpartæki fyrir þjálfara með stórum æfingabanka þar sem æfingum er lýst bæði með myndum og orðum. Badmintonsambandið samþykkti tillöguna og eiga félögin von á að fá sendan aðgang að vefnum í apríl.



Í ágúst er stefnt að því að halda námskeið fyrir íþróttakennara um badminton. Hugmyndin er að bjóða upp á námskeiðið í undirbúningsviku kennara áður en kennsla hefst. Markmiðið er að kynna íþróttakennurum leiki og spilafyrirkomulag sem hægt er að nota í íþróttakennslunni þannig að líklegra sé að þeir noti badminton í sínum kennslustundum. Alþjóða Badmintonsambandið hefur útbúið skólaþykningarefni sem kynnt verður á námskeiði í Svíþjóð í apríl. Evrópska badmintonsambandið hefur boðið BSÍ að senda two fulltrúa á námskeiðið og munu þær Anna Lilja Sigurðardóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir sitja námskeiðið fyrir Íslands hönd. Vonir eru bundnar til þess að á námskeiðinu fái þær Anna Lilja og Irena gott efni til að kynna fyrir íþróttakennurum á Íslandi.

Síðastliðið sumar fóru þrír þjálfarar á námskeið erlendis á vegum Badmintonsambandsins. Ólafur Örn Guðmundsson BH fór á þjálfaranámskeið Evrópuskólans sem haldið er samhliða æfingabúðum fyrir leikmenn í U17 aldursflokknum í Madrid á Spáni. Karen Ýr Sæmundsdóttir UMF Þór fór á þjálfaranámskeið sem haldið var samhliða Norrænu æfingabúðunum sem að bessu sinni voru haldnar í Svíþjóð. Írena Rut Jónsdóttir ÍA fór á námskeið sem haldið var á Grænlandi samhliða æfingabúðum U13-U17 leikmanna frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Þjálfararnir voru mjög ánægðir með námskeiðin og komu heim með fullt af nýjum hugmyndum í pokahorninu.

Það er von okkar að á næsta badmintontímabili verði hægt að bjóða upp á enn fleiri fræðsluverkefni til að efla íþróttina okkar.

Badmintonkveðja,  
Anna Lilja, Frímann Ari og Þorsteinn Páll



## Skýrsla landsliðsnefndar 2011 – 2012

Síðasta verk undangenginnar landsliðsnefndar var að endurnýja samninginn við Árna Þór Hallgrímsson til tveggja ára eða til 1. maí 2013.

Skipuð var ný landsliðsnefnd Badminton sambands Íslands (BSÍ) veturninn 2011 – 2012. Fjöldað var í nefndinni og var óskað eftir tilnefningum í nefndina frá aðildarfélögum BSÍ. Eftirtalin voru tilnefnd Frímann Ari Ferdinandsson BH, Pétur Hemmingsen TBR, Ingvar Stefánsson Aftureldingu og Írena Rut Jónsdóttir ÍA. Einnig var Guðlaugur K. Gunnarsson í nefndinni skipaður af stjórn BSÍ og var hann jafnframt formaður.

Landsliðsnefnd hittist einu sinni á tímabilinu og fór yfir öll verkefni landsliða Íslands á þeim fundi. Á fundinum kom Árni með tillögur að verkefnum ásamt því að hann fór yfir og kom með tillögur að fjölda þeirra sem hugsanlega yrðu valdir í þau verkefni. Að fundi loknum voru svo tillögur Árna lagðar fyrir stjórn BSÍ sem samþykkti tillögurnar.

Landsliðsstarfið hefur gengið vel í veturn og gat stjórn BSÍ komið mun betur að fjármögnun ferða á þessu keppnistímabili en undanfarin ár. Verið er að vinna að nýrri stefnumörkun fyrir landsliðin og væntanlega verður skipuð „Afreksnefnd“ sem mun taka yfir störf landsliðnefndar því stefnan er alltaf að bæta starfið og árangur landsliðins.

Ákveðið var að BSÍ tæki meiri þátt í kostnaði A-landsliðsins en BSÍ greiddi að mestum hluta A-landsliðferðarinnar til Hollands ásamt einstaklingskeppninnar í Svíþjóð. Einnig greiddi BSÍ ákveðna upphæð í æfingaferð yngri landsliða. Vert er að þakka landsliðsfólki þolinmæði og skilning á fjárhagsstöðu sambandsins.

Með góðu samstarfi við leikmenn, þjálfara og aðildafélög er hægt að áorka miklu, ná langt með landslið BSÍ. Það eru að verða ákveðin kynslóðaskipti í A-landsliðinu en með því að hlúa að þeim og einnig með uppbyggingu yngri landsliða má ná lengra því við eignum glæsilega einstaklinga sem hafa getu til að gera betur.

*Virðingarfyllst,  
Guðlaugur Gunnarsson  
Formaður landsliðsnefndar BSÍ*



## Skýrsla mótanefndar 2011 – 2012

